



# Ársskýrsla Kennarasambands Íslands 2014



KENNARASAMBAND  
ÍSLANDS

## Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Stjórn .....	5
Starfsemi.....	6
Starfsmenn.....	10
Kjaramál.....	13
Erlent samstarf.....	16
Skólamálaráð .....	18
Sjúkrasjóður .....	24
Orlofssjóður .....	26
Vinnudeilusjóður.....	30
Fræðslunefnd.....	33
Kjörstjórn .....	34
Vinnuumhverfisnefnd .....	40
Jafnréttisnefnd.....	42
Siðaráð.....	44
Útgáfuráð.....	45

## Inngangur

Ágætu ársfundarfulltrúar, góðir félagsmenn.

Sú breyting hefur verið gerð að eftirleiðis verður í ársskýrslum KÍ fjallað um starf sambandsins heilt almanaksár. Þannig er hér rakið starf KÍ árið 2014 í stað þess að fjalla um þá vinnu sem fram hefur farið frá sjötta þingi KÍ fram að ársfundi, eins og hefð hefur verið fyrir. Með breytingunni á að einfalda vinnu við ársskýrsluna sem m.a. gefur kost á að hún verði tilbúin fyrr en ella. Einnig er með því tryggt að sama tímabil sé til umfjöllunar í ársreikningum og ársskýrslum, sem lögð eru fyrir ársfundi og þing.

### Sjötta þing KÍ

Mikið starf fór fram á vegum Kennarasambandsins á síðasta ári og er það rakið ítarlega hér í skýrslunni. Mig langar þó sérstaklega að nefna nokkur atriði sem stóðu upp úr í starfinu. Þar ber fyrst að nefna stærsta viðburð ársins, sem var sjötta þing Kennarasambandsins sem haldið var í apríl. Þar komu hátt í 250 þingfulltrúar saman til að móta stefnu KÍ til næstu fjögurra ára. Þingfulltrúar samþykktu þar ný lög fyrir sambandið, en um er að ræða stærstu breytingu á lögum KÍ frá stofnun þess árið 2000.

Ný stjórn KÍ, sem tók við forystu sambandsins að afloknu þingi, einhenti sér í að koma samþykktum þess í framkvæmd og beina verkefnum í réttan farveg. Einhverjum verkefnum er þegar lokið á meðan önnur eru þess eðlis að vinnu við þau lýkur aldrei. Almennt má segja að sú stefna sem félagsmenn mótuðu á þinginu myndi skýran ramma fyrir starf Kennarasambandsins næstu árin. Það er starfsmanna og kjörinna fulltrúa, með eins mikilli aðkomu félagsmanna og möguleg er, að vinna að þeim.

Talsverðar breytingar urðu á skipan stjórna, nefnda og ráða KÍ í kjölfar þingsins. Nýir fulltrúar tóku formlega við embættum 1. október og um leið létu margir af embættum sínum. Ég vil bjóða nýja fulltrúa velkomna til starfa og jafnframt þakka þeim sem létu af störfum fyrir þeirra framlag í þágu Kennarasambandsins.

### Kjaramálin


Stærsta verkefni aðildarfélaga Kennarasambandsins í fyrra var vinna við endurnýjun kjarasamninga. Sú vegferð reyndist félögumunum miserfið. Meirihluti félagsmanna þurfti að leggja niður störf í lengri eða skemmri tíma til að knýja á um eðlilegar kjaraleiðréttingar. Aðrir þurftu að hóta aðgerðum. Sú stífn sem viðsemjendur sýndu við kjarasamningsgerðina vekur furðu. Ekki dugði að sýna fram á með skýrum hætti að kennarastéttin hefði um nokkurra ára skeið ekki notið sömu kjarabóta og aðrar stéttir með sambærilega menntun og ábyrgð og að leiðrétting kjara væri því nauðsynleg. Sú leiðrétting náðist að lokum fram eftir átök og deilur. Því miður eru engin teikn á lofti um að breyting verði á vinnulagi ríkis og sveitarfélaga í kjaraviðræðum, og því var það niðurstaða þings KÍ að kennarar þyrftu áfram að hafa aðgang að öflugum vinnudeilusjóði. Vegna þess samþykktu þingfulltrúar að hefja á ný innheimtu gjalds af félagsmönnum í sjóðinn. Einnig var samþykkt án mikillar umræðu að hækka félagsgjaldið lítillega. Skilaboð þingsins þar voru skýr – sú þjónusta sem KÍ veitir í dag er of mikilvæg til að hana megi skerða.

Í kjölfar kjarasamninga grunn- og framhaldsskólans var lagt í mikla vinnu við að þróa vinnumat fyrir skólastigin tvö. Rétt er að geta þess að nálgun FF/FS og FG að þessu verkefni var afar ólík en miðaði þó á báðum skólastigum að því að skilgreina betur hið fjölbraytta starf kennara og reyna að kortleggja þann tíma sem fer í ólík verkefni.

## Önnur verkefni

Á haustmánuðum ákvað stjórn KÍ að samþykkja tillögur fræðslunefndar KÍ og fara í kraftmikið fræðslustarf. Haldin voru þrjú forystufræðslunámskeið og eitt námskeið sem ætlað var nýjum trúnaðarmönnum. Námskeiðin heppnuðust vel og er ráðgert að framhald verði á þessu starfi.

Á skólamálasviðinu hefur mikil orka farið í að veita menntamálaráðherra aðhald. Þrátt fyrir ítrekaðar yfirlýsingar um mikilvægi samráðs, ákvað ráðherra að leita ekki til hagsmunaaðila eins og KÍ er hann skipaði í starfshópa sem eiga að vinna aðgerðaáætlun á grunni hvítbókar um læsi, starfsnám og námstíma. KÍ mótmælti því harðlega að hafa ekki beina aðkomu að þessari vinnu. Á síðari stigum ákvað ráðherra að hagsmunaaðilar skipuðu sína eigin rýnihópa sem eiga myndu samstarf við formlegu starfshópana. Kennarasambandið vann um áramót að umsögnum um allar framkomnar tillögur og mun skila þeim á árinu 2015.



Þóroddur Á. Hjaltested  
formaður Kennarasambands Íslands

## Stjórn

### Fulltrúar í stjórn Kennarasambands Íslands:

Þórður Á. Hjaltested	Formaður	Kennarasamband Íslands
Aðalheiður Steingrímsdóttir	Varaformaður	Kennarasamband Íslands
Ingibjörg Kristleifsdóttir	Ritari	Félag stjórnenda leikskóla
Svanhildur María Ólafsdóttir	Gjaldkeri	Skólastjórafélag Íslands
Guðríður Arnardóttir*		Félag framhaldsskólakennara
Haraldur F. Gíslason		Félag leikskólakennara
Ólafur H. Sigurjónsson		Félag stjórnenda í framhaldsskólum
Ólafur Loftsson		Félag grunnskólakennara
Sigrún Grendal Jóhannesdóttir		Félag tónlistarskólakennara

\* Ný í stjórn

### Breytingar á stjórn

Á sjötta þingi KÍ var stjórnarmönnum fækkað úr þrettán í níu. Eftir breytinguna skipa stjórn formaður og varaformaður KÍ og formenn allra aðildarféлага. Atkvæðamagn einstakra stjórnarmanna fer eftir fjölda í aðildarfélögum. Þannig fer formaður FG með þrjú atkvæði, formenn FF og FL með tvö atkvæði hvor og aðrir stjórnarmenn með eitt atkvæði hver. Eftirtaldir fulltrúar dattu út úr stjórn við þessa breytingu: Guðbjörg Ragnarsdóttir (FG), Hanna Berglind Jónsdóttir (FL), Kolbrún Elfa Sigurðardóttir (FF) og Rósa Ingvarsdóttir (FG).

Aðrar breytingar sem urðu á stjórninni á síðasta ári voru að Guðríður Arnardóttir kom inn í stjórnina þegar hún tók við formennsku í Félagi framhaldsskólakennara í lok mars. Aðalheiður Steingrímsdóttir, sem var formaður FF tók við varaformennsku af Björgu Bjarnadóttur í lok þings KÍ í apríl.

### Fundir stjórnar

Stjórn KÍ fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og voru því alls haldnir tólf stjórnarfundir árið 2014. Á fundunum voru fjölmörg mál til umfjöllunar og afgreiðslu, svo sem kjaramál, skólamál, lögfræðimál, innra starf KÍ, lífeyrismál, styrkveitingar og fleira. Hannes K. Þorsteinsson, skrifstofustjóri KÍ, situr alla stjórnarfundir með málfrelsi og tillögurétt samkvæmt sérstakri samþykkt. Aðalbjörn Sigurðsson, útgáfu- og kynningarstjóri, situr fundina og ritar fundargerðir sem eftir samþykkt eru aðgengilegar á [heimasíðu Kennarasambandsins](#).

## Starfsemi

Markmið Kennarasambandsins hefur ávallt verið að veita félagsmönnum sem allra besta þjónustu. Forysta KÍ fer því reglulega yfir verkefni starfsfólks og verklag með það að markmiði að bæta veitta þjónustu. Enn fremur er í gildi sérstök þjónustustefna sem ávallt er tekið mið af þegar breytingar verða á starfsemi Kennarasambandsins. Ekki þótti ástæða til að breyta stefnunni á sjötta þingi KÍ í apríl, en hún er sem hér segir:

- Hagsmunir félagsmanna og aðildarfélaga KÍ skulu vera í fyrirrúmi. Lögð skal áhersla á að KÍ sé traustur og ábyrgur aðili sem gegni mikilvægu hlutverki við að verja og auka réttindi félagsmanna sinna.
- KÍ veiti sem besta þjónustu með hagkvæmnisjónarmið að leiðarljósi. Áreiðanleiki, trúnaður og vönduð vinnubrögð skulu einkenna starfsemi KÍ og jafnræðis skal gætt.
- Starfsemi KÍ verði í stöðugri þróun og starfsmenn séu félagsmönnum öflugur bakhjarl í starfi.
- Miðlun upplýsinga þróist í takt við kröfur samtímans.
- Starfsmenn KÍ þekki og virði skipulag sambandsins og aðildarfélaga þess og leitist við að leggja sitt af mörkum til að efla hag KÍ.

## Fastir stjórnendafundir

Formaður og varaformaður eiga reglulega fundi með millistjórnendum. Á þeim fundum eru tekin fyrir verkefni vikunnar og ýmis mál sem upp koma í starfsmannahaldi og starfsemi KÍ. Formannafundir eru haldnir eftir þörfum milli stjórnarfunda um afmörkuð skilgreind mál.

## Félagsgjald

Samkvæmt ákvörðun þings KÍ var félagsgjald hækkað úr 1,0% í 1,15% frá og með 1. maí 2014. Sama dag var tekið á ný upp gjald í Vinnudeilusjóð upp á 0,25%. Félagsgjaldið er því í heild 1,4%. Bréf var sent á alla launagreiðendur í apríl og þeim tilkynnt um þessa breytingu.

## Fjárvörsluráð

Fjárvörsluráð var kallað saman haustið 2014. Ráðið er þannig skipað:

Þórður Á. Hjaltested	formaður KÍ
Aðalheiður Steingrimsdóttir	varaformaður KÍ
Svanhildur María Ólafsdóttir	gjaldkeri KÍ
Guðbjörn Björgólfsson	formaður Vinnudeilusjóðs KÍ
Oddur Jakobsson	hagfræðingur KÍ
Hannes Þorsteinsson	skrifstofustjóri KÍ

Fjárvörsluráð er ráðgefandi fyrir stjórn KÍ. Ráðið fór yfir stefnu KÍ í ávöxtun fjármuna og hvernig ávöxtunin hefur orðið. Einnig var farið yfir stöðu og afkomu félagssjóðs og aðildarfélaganna og þróun peningamála í samfélaginu. Á grundvelli þessarar skoðunar var ákveðið að leggja til að stefna í ávöxtun fjármuna fyrir næsta ár verði sú sama og unnið var eftir á kjörtímabilinu 2011 – 2014. Var tillagan samþykkt af stjórn KÍ. Ráðið fékk nýtt hlutverk í nýjum lögum KÍ en því er ætlað að fara yfir fjárhagsáætlun komandi starfsárs og leggja fram tillögur til stjórnar KÍ. Ráðið skoðaði fjárhagsáætlun sem samþykkt var á þingi KÍ og lagði til ákveðnar breytingar í ljósi aukinna tekna KÍ vegna hækkana í kjarasamningum aðildarfélaga KÍ.

## Lífeyrisskuldbindingar

Á liðnu kjörtímabili var haldið áfram á þeirri braut að leggja til hliðar fjármagn sem ætlað er að standa undir hluta af framtíðarskuldbindingum Kennarasambandsins vegna lífeyrisgreiðslna til núverandi og fyrrverandi starfsmanna. Stefna KÍ er að ráðstafa ávallt úr handbæru fé innistæðu sem nemur áætluðum



skuldbindingum KÍ vegna þessa. Um lífeyrisskuldbindingar og innistæður vegna þeirra vísast að öðru leyti til reikninga Kennarasambandsins.

## Lífeyrismál

Kennarasamband Íslands hefur á liðnum misserum tekið þátt í starfi tveggja hópa um lífeyrismál með öðrum aðilum vinnumarkaðarins. Annar hópurinn starfar á grunni Stöðugleikasáttmálans svokallaða frá árinu 2009. Sá hópur hefur nánast lokið störfum og er lokaskýrsla í vinnslu í fjármálaráðuneyti. Gengið er út frá þeirri hugmynd að eitt lífeyriskerfi geti tekið gildi fyrir alla landsmenn innan fárra ára.

Í hinum hópnum eiga sæti fulltrúar KÍ, BHM, BSRB og fjármálaráðuneytis. Þar er fjallað um málefni LSR einkum út frá fjórum sjónarhornum. Í fyrsta lagi er fjallað um með hvaða hætti inngreiðslum vegna skuldar ríkisins í B-deild verði háttað. Í öðru lagi er rætt um mögulegar útfærslur á aðlögun opinberra lífeyrissjóða að nýju lífeyriskerfi fyrir allan vinnumarkaðinn. Í þriðja lagi er fjallað um hvernig hægt sé að jafna launamun á milli almenna og opinberra vinnumarkaðarins samhliða jöfnun lífeyrisréttinda og í fjórða lagi er reynt að meta hvaða breytingar þurfi að gera á umgjörð og lögum sem nú gilda um opinberu lífeyrissjóðina verði tekið upp nýtt kerfi fyrir allan vinnumarkaðinn.

Eiríkur Jónsson fyrrverandi formaður KÍ hefur tekið þátt í þessu starfi fyrir hönd Kennarasambandsins, ásamt formanni og hagfræðingi KÍ.

KÍ á í miklu og góðu samstarfi við BHM og BSRB í þessu máli og eru samtökin þar samstíga.

## Hagfræðistörf

Helstu verkefni hagfræðings Kennarasambandsins eru aðstoð og ráðgjöf þegar unnið er að endurnýjun kjarasamninga. Einnig upplýsingaöflun, úrvinnsla og framsetning tölfræðilegra upplýsinga um efnahagsstærðir og launa- og kjarapróunarmál.

Árið 2014 gerðu öll aðildarfélög KÍ nýja kjarasamninga og mótaðist starfið af því. Þungamiðjan var þátttaka í kjaraviðræðunum og aðstoð og ráðgjöf við viðræðu- og samninganefndir félaganna. Í framhaldi af kjarasamningum grunn- og framhaldsskóla tók við vinna við útfærslu á nýju vinnumati. Af öðrum verkefnum má nefna starf í vinnuhópum á vegum SALEK, samstarfsnefndar um launaupplýsingar og efnahagsmál, störf í nefndum um endurskoðun almannatrygginga og um lífeyrismál, auk kynninga og erinda fyrir félagsmenn og forystufólk KÍ um kjara- og efnahagsmál.

## (SALEK) Samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga

Stærstu aðilar á íslenskum vinnumarkaði, KÍ, BHM, BSRB, ASÍ, SA, fjármála- og efnahagsráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga standa sameiginlega að SALEK, samstarfsnefnd um launaupplýsingar og efnahagsforsendur kjarasamninga. Nefndin var stofnuð í júní 2013 að norrænni fyrirmynd en markmiðið með starfi hennar er að bæta þekkingu og vinnubrögð við undirbúning kjarasamninga og auka skilvirkni við gerð þeirra. Á vegum nefndarinnar hafa starfað tveir vinnuhópar, annar um launaupplýsingar og hinn um efnahagsforsendur kjarasamninganna. Hagfræðingur KÍ hefur tekið þátt í störfum þeirra beggja og hefur leitt vinnu hópsins um launaupplýsingar. Annað hefti ritsins í aðdraganda kjarasamninga, efnahagssumhverfi og launaþróun með skýrslu vinnuhópanna var að mestu unnið á árinu 2014 (það kom síðan út í febrúar 2015), en fyrra heftið var gefið út í október 2013.

## Lögfræðistörf fyrir KÍ

Undanfarin ár hefur KÍ verið í samstarfi við BHM um lögmannsþjónustu. Það samstarf gekk út á að bandalögin tvö voru sameiginlega með lögmanninn Ernu Guðmundsdóttur í fullu starfi en starfshlutfall skiptist jafnt milli samtakanna. Bandalag háskólamanna sagði þessu samstarfi upp í sumar og varð niðurstaða viðræðna milli KÍ og BHM um starfslok Ernu sú að hún var ráðin í fullt starf hjá BHM frá og

með 1. desember. Í samkomulaginu var einnig tryggt að Erna hefði svigrúm til að ganga frá og klára öll þau mál sem hún var að vinna fyrir KÍ.

Stjórn KÍ fjallaði um málið og ákvað að ráða lögfræðing í fullt starf, þar sem mikil ánægja hefur verið með þessa þjónustu síðustu ár og verkefnið næg. Því var talið rétt að auka þjónustuna þegar þetta tækifæri gafst. Auglýst var eftir nýjum starfsmanni í gegnum ráðningastofuna Capacent í byrjun nóvember og gengið var frá ráðningu Önnu Rósar Sigmundsdóttur í byrjun janúar 2015.

Lögfræðingur KÍ sinnir fjölbreyttum lögfræðistörfum fyrir KÍ og aðildarfélögin. Auk lögfræðings KÍ hafa lögmannsstofurnar Lögmenn Mörkinni og Löggarður unnið lögfræðistörf fyrir KÍ. Með því að hafa í senn lögfræðing í fullu starfi fyrir KÍ og um leið aðgang að öðrum reyndum lögmönnum er tryggt að félagsmenn fái bestu þjónustu sem í boði er á þessu sviði. Verkefni lögfræðings KÍ eru margvísleg og áhrifa efnahagshrunsins gætir ennþá í starfsmannamálum þar sem mikið reynir á túlkun laga, reglugerða og kjarasamninga. Kostnaður KÍ vegna lögfræðimála hefur aukist vegna þessa.

### Fundur og erindrekstur

Aðildarfélög KÍ hafa lagt metnað sinn í að halda úti öflugum fræðslu- og kynningarstarfi, s.s. trúnaðarmannafundum, námskeiðum og skólaheimsóknum, en allir þessi þættir eru fastir liðir í starfsemi félaganna. Í október voru haldnir þrjú forystufræðslufundir á vegum fræðslunefndar KÍ og einn fræðslufundur fyrir trúnaðarmenn (sjá nánar í kafla um Fræðslunefnd).

Formaður og varaformaður áttu formlega fundi með ráðherra og skólamálanefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem tækifæri gafst til að koma á framfæri samþykktum og stefnumótun þings KÍ. Formaður og varaformaður hafa einnig átt fjölda funda með ýmsum hagsmunaaðilum og fulltrúum ráðuneyta á tímabilinu.

Í kjaradeilum ársins stóð KÍ þétt að baki aðildarfélögum sínum. Formaður og varaformaður tóku þátt í fundum í tengslum við það.

### Erindisbréf

Stjórn KÍ samþykkti í júní erindisbréf sem afhent verða í framtíðinni öllum fulltrúum í stjórnnum sjóða, nefnda og ráða innan Kennarasambandsins. Í erindisbréfunum er að finna leiðbeiningar fyrir starf sjóða, nefnda og ráða, auk þess sem dregnar eru saman starfsskyldur kjörinna fulltrúa og til hvers er ætlast af þeim, auk upplýsinga um boðleiðirnar. Erindisbréfin voru afhent kjörnum fulltrúum á haustdögum og fylgdu formaður og varaformaður KÍ þeim úr hlaði með kynningu og yfirferð í nefndum, ráðum og stjórnnum.

### Skipan stjórna, ráða og nefnda

Talsverðar breytingar urðu á stjórnnum, ráðum og nefndum innan Kennarasambandsins í kjölfar sjötta þings KÍ í apríl. Þar sem einstök aðildarfélög hafa mismunandi aðferðir við að tilnefna fulltrúa setti þingið inn heimildarákvæði um að stjórnir sjóða, nefnda og ráða gætu starfað áfram þar til nýjar hefðu verið skipaðar. Þótti stjórn KÍ nauðsynlegt að bíða eftir að FF tilnefndi sína fulltrúa og því var beðið með málið fram yfir aukaaðalfund FF sem haldinn var í september. Nýjar stjórnir, ráð og nefndir tóku til starfa 1. október.

Öllum þeim sem létu af störfum fyrir KÍ, 1. október síðastliðinn, er þakkað fyrir mikilvæg störf þeirra í þágu KÍ.



## Úttekt Capacent

Á sjötta þingi KÍ var stjórn falið að fá óháðan aðila til að gera könnun á viðhorfum félagsmanna til þjónustu og starfsemi sambandsins. Jafnframt var stjórn falið að láta gera óháða úttekt á skipuriti, rekstri og starfsemi KÍ.

Í kjölfar þingsins var leitað til fyrirtækisins Capacent um að sinna þessum verkefnum. Fulltrúi fyrirtækisins mætti á fund stjórnar 24. júní til að kynna hugmyndir að því hvernig hægt væri að vinna þessi tvö verkefni. Í kjölfarið var formanni KÍ falið að ganga frá samningum við fyrirtækið um gerð þjónustukönnunar annars vegar, og hins vegar úttekt á skipuriti, rekstri og starfsemi.

Vinna við verkefni tvö hófst síðan á haustdögum. Eftir talsverðan undirbúning var þjónustukönnun lögð fyrir félagsmenn dagana 24. nóvember - 9. desember 2014. Vinna við úttektina á starfsemi KÍ stóð fram á árið 2015. Niðurstöður beggja verkefna verða kynntar á ársfundi KÍ 2015.

## Virkur vinnustaður

Frá árinu 2011 hefur KÍ tekið þátt í þróunarverkefni VIRK sem kallast „Virkur vinnustaður“. Markmið KÍ árið 2014 vegna verkefnisins voru:

1. Að fjarverustefna/-stjórnun verði eðlilegur hluti af starfseminni.
2. Að fastur liður í starfseminni verði að kanna líðan starfsmanna árlega með stuttum spurningalista.
3. Að starfsmannahópurinn verði búinn að koma sér saman um ákveðin gildi í ljósi verkefnisins til að efla andlega, félagslega og líkamlega líðan.
4. Að komin verði virk símenntun/starfsþróun fyrir alla starfsmenn.

Árið 2014 var fjarverustefna orðin hluti af reglubundinni starfsemi á vinnustaðnum þar sem stjórnendur fylgjast reglulega með fjarveruskráningum og tekið er á fjarveru í samræmi við fyrirliggjandi stefnu. Ákveðið var að hefja ekki könnun á líðan starfsmanna skv. lið 2 fyrr en á árinu 2015 í ljósi þess að fyrir lá lokakönnun verkefnisins haustið 2014. Þá frestaðist vinna um gildi skv. lið 3 þar sem ákveðið var að samtvinna hana við liðsheildardag starfsfólks sem haldinn verður vorið 2015.

Í febrúar-mars 2014 var gerð könnun meðal starfsfólks á heilsueflingarárinu 2013 og starfsþróun/símenntun. Þar kom í ljós að mikill meirihluti starfsfólks var almennt ánægður með þemastarfið árið 2013 og einnig með möguleika sína á starfsþróun/símenntun. Niðurstöður voru m.a. nýttar í starfsmannasamtölum 2014 og við gerð stefnu KÍ í starfsþróunarmálum sem er hluti af starfsmannastefnu.

Í október-nóvember 2014 var framkvæmd lokakönnun meðal starfsfólks á verkefninu á vegum VIRK. Spurt var um sömu atriði og í upphafskönnun verkefnisins 2011 og niðurstöður bornar saman. Einnig var gerður samanburður við heildarniðurstöður allra þátttakenda í verkefni VIRK (þ.e. allra 28 vinnustaðanna). Viðhorf starfsfólks KÍ nú eru nokkuð áþekk og árið 2011. Niðurstöður verða nýttar við áframhaldandi starf í starfsmannamálum hjá KÍ.

Ýtarlegri upplýsingar um verkefnið „Virkur vinnustaður“ er að finna á [vef VIRK](#).

## Starfsmannastefna

Drög að starfsmannastefnu KÍ voru kynnt á starfsmannafundi í mars 2014 og hún svo endanlega samþykkt og sett á um haustið. Tilurð heildstæðrar starfsmannastefnu var ætlað að skýra frekar skipulag og vinnulag á vinnustaðnum varðandi þau málefni er varða starfsfólk og bæta upplýsingagjöf.

## Starfsmenn

Allir starfsmenn eru í fullu starfi nema annað sé tekið fram.

### Kjörnir fulltrúar

**Pórður Árni Hjaltsted**, formaður Kennarasambandsins, sinnir kjara-, félags- og skólamálum. Hann fylgist með starfsemi nefnda Kennarasambandsins og starfi aðildarfélaga KÍ og aðstoðar að því leyti sem þurfa þykir hverju sinni. Hann sinnir samskiptum við fjölmiðla, samtök launafólks og aðra sem Kennarasambandið á samstarf við. Formaður KÍ sinnir auk þess erlendu samstarfi við NLS, ETUCE og EI. Formaður stýrir félagssviði og er jafnframt framkvæmdastjóri KÍ.

**Aðalheiður Steingrímsdóttir**, varaformaður Kennarasambandsins og staðgengill formanns, sinnir skóla-, félags- og kjaramálum. Aðalheiður er formaður framkvæmdastjórnar skólamálaráðs og fræðslunefndar og talsmaður KÍ í skólamálum. Norrænt samstarf, fræðslu- og kynningarmál eru innan hennar verksviðs. Aðalheiður tók við embætti varaformanns á þingi KÍ í apríl.

**Guðbjörg Ragnarsdóttir**, varaformaður Félags grunnskólakennara, sinnir margþættum verkefnum fyrir félagið.

**Guðríður Arnardóttir**, formaður Félags framhaldsskólakennara, leiðir starf félagsins og sinnir margþættum verkefnum fyrir það. Guðríður tók við formennsku í FF af Aðalheiði Steingrímsdóttur á aðalfundi félagsins í lok mars.

**Haraldur F. Gíslason**, formaður Félags leikskólakennara, leiðir starf félagsins og sinnir margþættum verkefnum fyrir það.

**Ingibjörg Kristleifsdóttir**, formaður Félags stjórnenda leikskóla, leiðir starf félagsins og sinnir margþættum verkefnum fyrir það.

**Ólafur Loftsson**, formaður Félags grunnskólakennara, leiðir starf félagsins og sinnir margþættum verkefnum fyrir það.

**Sigrún Grendal Jóhannesdóttir**, formaður Félags tónlistarskólakennara, leiðir starf félagsins og sinnir margþættum verkefnum fyrir það.

**Svanhildur María Ólafsdóttir**, formaður Skólastjórafélags Íslands, leiðir starf félagsins og sinnir margþættum verkefnum fyrir það.

### Starfsmenn sjóða

**Ásta Steinunn Eiríksdóttir**, gjaldkeri sjóða, er tengiliður Kennarasambandsins við Íslandsbanka sem sér um innheimtu félags- og sjóðagjalda.

**María Norðdahl** þjónustufulltrúi sinnir verkefnum er tengjast Sjúkrasjóði og endurmenntunarsjóðum. Hún tekur við umsóknum og sér um afgreiðslu þeirra í samræmi við ákvarðanir sjóðstjórnar.

**Ólöf S. Björnsdóttir** er þjónustustjóri sjóða. Meginverkefni hennar er rekstur Orlofssjóðs en einnig ber hún ábyrgð á þjónustu endurmenntunarsjóða grunn- og leikskóla, sem og Sjúkra- og Vinnudeilusjóðs. Ólöf hóf störf í janúar 2014.

Ragnheiður Ármannsdóttir þjónustufulltrúi tekur við bókunum og sinnir margvíslegum öðrum verkefnum fyrir Orlofssjóð.

Sigrún Harðardóttir þjónustufulltrúi sinnir verkefnum tengdum Sjúkrasjóði og endurmenntunarsjóðum. Hún tekur m.a. við umsóknum og sér um afgreiðslu þeirra í samræmi við ákvarðanir sjóðstjórnar.

### Félags- og kjaramál

Anna María Gunnarsdóttir starfar fyrir Félag framhaldsskólakennara. Hún sinnir margs konar verkefnum fyrir félagið og er auk þess formaður skólamálanefndar FF. Starfshlutfall hennar er 50%.

Elna Katrín Jónsdóttir sérfræðingur sinnir margþættum verkefnum hjá Félagi framhaldsskólakennara. Starfshlutfall hennar er 75%.

Hafdís Dögg Guðmundsdóttir þjónustufulltrúi sér um málefni sem tengjast vinnuumhverfis- og jafnréttisnefnd auk siðaráðs. Enn fremur sinnir hún skilgreindum verkefnum fyrir Félag framhaldsskólakennara. Starfshlutfall hennar er 75%.

Ingibjörg Úlfarsdóttir sérfræðingur í kjara- og réttindamálum sér um að svara erindum um launa- og réttindamál sem berast. Þau mál sem þarfnast frekari vinnslu eru send áfram til formanns viðkomandi félags eða formanns KÍ til frekari skoðunar.

Oddur S. Jakobsson, hagfræðingur Kennarasambandsins, sinnir hagfræðistörfum fyrir KÍ og aðildarfélögin.

Sesselja G. Sigurðardóttir þjónustufulltrúi sinnir málefnum Kennarasambandsins, Félags leikskólakennara og Félags grunnskólakennara, sem og verkefnum fyrir sjúkra- og endurmenntunarsjóði.

Pröstur Brynjarsson þjónustufulltrúi sinnir málefnum Kennarasambandsins, Félags leikskólakennara og Félags grunnskólakennara. Einnig er hann tengiliður við stjórn Vísindasjóðs leikskólans og sinnir verkefnum fyrir sjúkra- og endurmenntunarsjóði.

### Skrifstofa og rekstur

Aðalbjörn Sigurðsson, útgáfu- og kynningarstjóri, ber ábyrgð á útgáfu Kennarasambandsins, svo sem á Skólavörðu, veftímaritum o.s.frv. Enn fremur sinnir hann ímyndarmálum og er kjörnum fulltrúum og starfsmönnum til ráðgjafar varðandi útgáfu og kynningarmál.

Arndís Þorgeirsdóttir blaðamaður vinnur efni fyrir heimasíðu Kennarasambandsins, Skólavörðuna, veftímarit og aðra útgáfu. Einnig sinnir hún greinaskrifum og þeirri textavinnu sem til fellur, bæði fyrir KÍ og einstök aðildarfélög.

Dagmar Stefánsdóttir bókari sinnir almennu bókhaldi og sér um launaútreikninga. Starfshlutfall hennar er 50%.

Fjóla Ósk Gunnarsdóttir þjónustufulltrúi hefur umsjón með félagatali Kennarasambandsins og sinnir verkefnum fyrir aðildar- og sérfélög sem tengjast félagaskránni. Einnig vinnur hún verkefni tengd sjúkrasjóði.

Hannes Kjartan Þorsteinsson, skrifstofustjóri Kennarasambandsins, sér um daglegan rekstur skrifstofu og hefur umsjón með eignum sambandsins, fjármálum og rekstri. Hann er enn fremur yfirmaður þjónustusviðs.

[Hrönn Steingrímsdóttir](#) móttökuritari annast móttöku, símsvörun og umsýslu á pósti auk daglegra starfa er til falla á skrifstofu KÍ.

[Ragnhildur Sigrún Björnsdóttir](#), vef- og skjalastjóri Kennarasambandsins, heldur utan um vef KÍ ásamt því að sinna rafrænni mála- og skjalastjórnun.

[Stella Kristinsdóttir](#) auglýsingastjóri selur auglýsingar í Skólavörðuna, Ferðablað Orlofssjóðs og Handbók kennara. Einnig sér hún um matseld fyrir starfsmenn í hádeginu, afleysingar á síma o.fl.

[Freydís Þrastardóttir](#) sumarstarfsmaður var nokkrum sinnum í vetur fengin til að leysa af starfsmenn í forföllum og veikindum.

#### Hætt störfum:

[Björg Bjarnadóttir](#) lét af störfum sem varaformaður Kennarasambandsins á þingi þess í apríl.

[Erna Guðmundsdóttir](#) lögmaður lét af störfum í nóvember eftir að BHM sagði upp samningi um sameiginlega lögfræðipjónustu sambandanna, en hún hafði verið í 50% starfi fyrir KÍ. Í desember var gengið frá ráðningu Önnu Rósar Sigmundsdóttur héraðsdómslögmanns sem verður í fullu starfi hjá KÍ frá og með 1. febrúar 2015.

[Elín Anna Ísaksdóttir](#) lét af störfum sem sérfræðingur hjá Félagi tónlistarskólakennara um áramót.

## Kjaramál

### Félag framhaldsskólakennara og Félag stjórnenda í framhaldsskólum

Kjarasamningar Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum við ríkið, Tækniskólann og Menntaskóla Borgarfjarðar rann út 31. janúar 2014. Var deilunni vísað til ríkissáttasemjara 23. janúar eftir að viðræður höfðu skilað litlum árangri og í kjölfarið var efnt til atkvæðagreiðslu um verkfall sem hófst síðan 17. mars. Viðræður héldu áfram næstu vikurnar í skugga verkfallsins. Félagsmenn stóðu á þessum tíma fyrir ýmsum uppákomum, meðal annars var haldinn stór baráttufundur 31. mars í verkfallsmiðstöð FF/FS sem komið hafði verið upp í Framheimilínu í Reykjavík. Það var síðan 4. apríl sem samninganefndir FF og FS annars vegar og samninganefnd ríkisins hins vegar skrifuðu undir nýjan kjarasamning. Samningstíminn var út október 2016 með fyrirvara um að vinnumat félagsmanna FF og FS yrði samþykkt í kosningu í febrúar 2015 (um vinnumatið er fjallað í sérkafla síðar í skýrslunni). Verzlunarskóli Íslands gerir sérstakan kjarasamning sem var laus seinna en ríkisskólanna og því kom ekki til þess að kennarar í Verzlunarskóla Íslands færu í verkfall.

### Félag grunnskólakennara

Kjarasamningur Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga rann út 31. janúar 2014. Eftir að samningsumleitarnir höfðu engu skilað vikum saman var deilunni vísað til ríkissáttasemjara 18. mars 2014. Þegar í ljós var komið að það skilaði ekki tilætluðum árangri var efnt til atkvæðagreiðslu um þriggja daga vinnustöðvun, nánar tiltekið dagana 15., 21. og 27. maí 2014, til að knýja á um kröfur félagsins í deilunni og var það samþykkt. Grunnskólakennarar lögðu niður störf 15. maí 2014 og stóðu fyrir fjölmönnum baráttufundum um land allt til að vekja athygli á stöðu kjaraviðræðna. Ekki kom til frekari aðgerða því skrifað var undir nýjan kjarasamning 20. maí. Hann gildir til ársloka 2016 með fyrirvara um að nýtt vinnumat verði samþykkt í kosningu í febrúar 2015. Um vinnumatið er fjallað í sérkafla síðar í skýrslunni.

### Skólastjórafélag Íslands

Kjarasamningur Skólastjórafélags Íslands við Samband íslenskra sveitarfélaga rann út 31. janúar. Félagið gekk frá viðræðuáætlun 21. nóvember 2013 en þrátt fyrir góðan fyrirvara neyddist félagið til að vísa deilunni til ríkissáttasemjara 2. maí 2014. Eftir stutta en snarpa samningalotu var skrifað undir nýjan kjarasamning við sveitarfélögin 10. júní. Nýr samningur gildir til 31. maí 2015 en jafnhliða honum var skrifað undir viðræðuáætlun og tímasetta aðgerðaáætlun þar sem farið var í vinnu við nýtt launamyndunarkerfi skólastjórnenda. Hófst sú vinna í september 2014 og samninganefndir SÍ og SNS hafa fundað vikulega frá þeim tíma. Afrakstur þeirrar vinnu er sameiginlegt skjal um hlutverk skólastjórnenda grunnskóla auk umræðna og undirbúnings fyrir yfirstandandi kjaraviðræður.

### Félag leikskólakennara

Kjarasamningur Félags leikskólakennara við Samband íslenskra sveitarfélaga rann út 30. apríl 2014. Félagið skrifaði undir viðræðuáætlun í febrúar og fyrstu fundir í kjaradeilunni voru haldnir í mars. Lítið gekk til að byrja með og svo fór að félagsmenn samþykktu að leggja niður störf fimmtudaginn 19. júní til að knýja á um kröfur sínar. Ekki kom til vinnustöðvunarinnar því skrifað var undir nýjan kjarasamning 16. júní. Hann gildir til 31. maí 2015.

### Félag stjórnenda leikskóla

Kjarasamningur Félags stjórnenda leikskóla við Samband íslenskra sveitarfélaga rann út 31. janúar 2014. Eftir að lítið hafði gerst í samningaviðræðum félagsins við samninganefnd sveitarfélaganna var deilunni vísað til ríkissáttasemjara 1. júlí. Viðræður hófust engu að síður ekki af fullri alvöru af hálfu sveitarfélaganna fyrr en eftir sumarlokun hjá embætti ríkissáttasemjara og skrifað var undir nýjan samning 2. september. Hann gildir til 31. maí 2015. Í aðdraganda þess að skrifað var undir höfðu

félagsmenn knúið á um nýjan samning með ýmsum aðgerðum. Meðal annars söfnuðust þeir saman í húsnæði ríkissáttasemjara 1. september til að sýna samninganefnd félagsins stuðning í verki.

### Félag tónlistarskólakennara

Kjarasamningur Félags tónlistarskólakennara við Samband íslenskra sveitarfélaga rann út 31. janúar 2014. Samningaviðræður um endurnýjun samningsins hófust í byrjun árs en þær gengu til að byrja með afar hægt, þar sem félaginu reyndist meðal annars erfitt að fá samningafundi með samninganefnd sveitarfélaganna. Kjaradeilunni var því vísað til ríkissáttasemjara 12. júní. Lítið gerðist í samningaviðræðum næstu mánuði og að lokum fór svo að félagsmenn FT samþykktu að leggja niður störf til að knýja á um kröfur sínar. Verkfall félagsmanna hófst 22. október og stóð í rúman mánuð. Félagsmenn voru mjög virkir í að vekja athygli á kjaradeilunni meðan á verkfalli stóð. Enn fremur stóð Kennarasambandið fyrir stórum baráttufundi í Hörpu 18. nóvember. Verkfallinu lauk 25. nóvember þegar skrifað var undir nýjan samning, eftir samningalotu sem stóð sleitulaust í rúmlega 16 klukkustundir. Nýr samningur gildir til 31. október 2015.

### Vinnumat Félags grunnskólakennara

Í kjarasamningum Félags grunnskólakennara við Samband íslenskra sveitarfélaga var kveðið á um að farið yrði í gerð vinnumats fyrir grunnskólakennara. Verkefnastjórn var falið að gera vinnumatið en í henni áttu sæti:

*Fyrir hönd Félags grunnskólakennara:*

Guðbjörg Ragnarsdóttir, varaformaður FG  
Rósa Ingvarsdóttir, stjórnarmaður í FG  
Hulda Hauksdóttir, fulltrúi í samninganefnd FG.

*Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga:*

Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar  
Helgi Grímsson, skólastjóri Sjálandsskóla  
Helga Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs á Akranesi.

Svanhildur María Ólafsdóttir, formaður Skólastjórafélags Íslands, sat enn fremur í verkefnastjórn sem áheyrnarfulltrúi en starfsmaður stjórnarinnar var Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fyrsti fundur verkefnastjórnarinnar fór fram 12. júní 2014 og lágu drög að leiðarvísi um vinnumat grunnskólakennara fyrir 3. nóvember. Drögin voru kynnt á kynningarfundum um land allt dagana 10.-20. nóvember og í kjölfarið gafst félagsmönnum FG tækifæri að senda verkefnastjórninni fyrirspurnir og ábendingar. Frestur til þess rann út 15. janúar og þá höfðu fjölmargar fyrirspurnir borist en fáar athugasemdir. Samkvæmt starfsáætlun átti að bera leiðarvísi um vinnumat undir atkvæði í síðasta lagi 20. febrúar 2015.

Lögð var áhersla á að félagsmenn FG gætu fylgst með starfi verkefnastjórnarinnar og komið á einfaldan hátt að athugasemdum, ábendingum og fyrirspurnum. Það var gert í gegn um heimasíðuna [www.vinnumat.is](http://www.vinnumat.is)



## Vinnumat Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum

Í kjarasamningum FF/FS var kveðið á um að farið yrði í gerð vinnumats fyrir kennara í framhaldsskólum. Í kjölfar undirritunar kjarasamningsins var skipuð verkefnastjórn til að hafa yfirumsjón með undirbúningi og innleiðingu nýs vinnumats. Hana skipuðu eftirtaldir fulltrúar:

Guðmundur H. Guðmundsson, fjármálaráðuneyti  
Ársæll Guðmundsson, menntamálaráðuneyti  
Ólafur Sigurðsson, menntamálaráðuneyti  
Elna Katrín Jónsdóttir, Kennarasambandi Íslands  
Reynir Þór Eggertsson, Kennarasambandi Íslands  
Stefán Andrésson, Kennarasambandi Íslands

Guðmundur Freyr Sveinsson var ráðinn starfsmaður stjórnarinnar.

Verkefnastjórnin hélt sinn fyrsta fund 20. maí 2014 en hlutverk hennar var að leggja mat á vinnu við kennsluþáttinn í starfi framhaldsskólakennara. Þurfti stjórnin þannig að meta vinnu við hvern námsáfang sem kenndur er samkvæmt námskrá. Enn fremur voru stofnaðar fimm vinnumatsnefndir til að fjalla um eftirtalda kennsluþætti.

Starfsnám  
Starfsnám – listnám  
Félagsgreinar, íþróttir, starfsbrautir  
Tungumál (erlend mál og íslenska)  
Raungreinar og stærðfræði

Hlutverk nefndanna fimm var meðal annars að vinna, í samstarfi við verkefnastjórn, að skilgreiningum á inntaki og umfangi einstakra hluta vinnumatsins og sýnidæmum um vinnumat á grundvelli hlutlægra viðmiða og málefnalegra sjónarmiða. Verkefnastjórnin setti sér eftirfarandi starfsáætlun og var vinnan á áætlun í lok árs 2014.



## Erlent samstarf

### NLS (Nordiske Lærerorganisationernes Samråd)

Norræn kennarafélög hafa átt með sér mikið og náið samstarf undanfarin ár á vettvangi NLS ([www.nls.info](http://www.nls.info)). Á deildar- og stjórnarfundum skiptast fulltrúar félaganna á skoðunum um málefni kennara og skólastjóra á Norðurlöndunum. Fulltrúar KÍ í stjórn NLS eru Þórður Á. Hjaltested, Haraldur Freyr Gíslason og Aðalheiður Steingrímisdóttir.

Finnland fór með forystuhlutverk samtakanna árið 2014. Tveir hefðbundnir stjórnarfundir NLS voru haldnir í Finnlandi árið 2014, annar rétt fyrir utan Helsinki í maí og hinn í Helsinki í desember. Á fundinum í desember var formaður KÍ valin varaformaður NLS fyrir árið 2015.

Í júlí var haldið Sumarnámskeið NLS í Svíþjóð, rétt fyrir utan Stokkhólm.

Deild skólastjórna innan NLS hélt sinn árlega fund í september.

Haldnir voru tveir fundir í leikskóla-, grunnskóla- og framhaldsskóladeildum samtakanna á Finnlandi. Fulltrúar aðildarféлага KÍ í einstökum deildum samtakanna eru Ólafur Loftsson og Guðbjörg Ragnarsdóttir í grunnskóladeild, Guðríður Arnardóttir og Anna María Gunnarsdóttir í framhaldsskóladeild og Fjóla Þorvaldsdóttir og Haraldur Freyr Gíslason í leikskóladeild.

Skrifstofa samtakanna er í Helsingfors í Finnlandi. Framkvæmdastjóri NLS er Anders Rusk frá Finnlandi.

### Evrópusamstarf og Alþjóðasamband kennara

KÍ á aðild að Alþjóðasambandi kennara, Education International (EI), og að Evrópudeild sambandsins (ETUCE). KÍ fylgist aðallega með starfsemi EI með því að lesa efni sem berst frá sambandinu og með þátttöku í afmörkuðum verkefnum svo sem úttektum og könnunum.

Formenn KÍ og FG tóku þátt í stórrí ráðstefnu EI, OECD og UNICEF í Motreal í Kanada í lok maí. Til umfjöllunar á ráðstefnunni var samstarf þessara aðila og stefnumótun Sameinuðu þjóðanna í menntamálum, en ný stefna er í smíðum þar sem sú eldri er að renna sitt skeið.

Fulltrúi KÍ/Íslands í stjórn Evrópudeildar EI – ETUCE er Þórður Á. Hjaltested, formaður KÍ. Fundir stjórnar eru venjubundið tveir á ári, annar í mars og hinn í október, en geta þó verið fleiri. ETUCE efnir reglulega til ráðstefna um málefni sem eru í deiglu.

ETUCE hélt ráðstefnu um menntamál í Vínarborg í Austurríki í lok nóvember. Sérstök áhersla var lögð á leikskólastigið í forráðstefnu í tengslum við stóru ráðstefnuna, en hana sóttu Haraldur Freyr Gíslason, Ingibjörg Kristleifsdóttir og Ólafur Loftsson. Bæði formaður og varaformaður KÍ hættu við þátttöku á ráðstefnunni vegna kjaradeilu og verkfalls félagsmanna Félags tónlistarskólakennara.

## Erlent samstarf Félags tónlistarskólakennara

Meðal hlutverka Félags tónlistarskólakennara er að efla faglegt samstarf við samtök og stofnanir erlendis og að afla og miðla upplýsingum um þróun tónlistarfræðslu sem og fagleg málefni er varða tónlistarskóla. Erlent samstarf félagsins lá í dvala það rúma ár sem kjaraviðræður yfirtóku mest allan tíma félagsins og samskipti í gegnum netmiðla voru látin nægja þetta árið. FT er aðili að erlendu samstarfi á eftirfarandi vettvangi:

„Nordisk Union for Musikutbildare“ eru norræn samtök tónlistaruppálenda sem samanstanda af félögum og samtökum frá Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð ásamt Færeyjum. Yfirmarkmið NUMU er að styrkja samstarf og samskipti Norðurlandanna með tilliti til tónlistar og tónlistarfræðslu.

„European Music School Union“ eru samtök tónlistarskóla í Evrópu og voru stofnuð 1973. Samtökin hafa það m.a. að markmiði að miðla upplýsingum um allt sem viðkemur tónlistarskólum og vekja áhuga yfirvalda og almennings í Evrópu á tónlistarmenntun og tónlistariðkun.

„International Society for Music Education“ eru alþjóðasamtök tónlistaruppálenda sem voru stofnuð 1953. Samtökin hafa það m.a. að markmiði að veita tónlistarkennurum og flytjendum frá öllum heimshornum færi á að hittast og vinna saman að ákveðnum verkefnum, aðstoða tónlistarkennara við varðveislu og kennslu tónlistar og menningar ásamt því að mennta hugmyndaríka og hæfa tónlistarmenn fyrir samtímann.

## Skólamálaráð

Fulltrúar í framkvæmdastjórn Skólamálaráðs:

Aðalheiður Steingrimsdóttir*	Formaður	Kennarasamband Íslands
Steinunn Inga Óttarsdóttir	Ritari	Félag stjórnenda í framhaldsskólum
Guðbjörg Ragnarsdóttir	Vararitari	Félag grunnskólakennara
Þórður Á. Hjaltested		Kennarasamband Íslands
Anna María Gunnarsdóttir		Félag framhaldsskólakennara
Fjóla Þorvaldsdóttir*		Félag leikskólakennara
Elín Anna Ísaksdóttir		Félag tónlistarskólakennara
Sigurður Sigurjónsson*		Félag stjórnenda leikskóla
Ingileif Ástvaldsdóttir		Skólastjórafélag Íslands

\* Ný í stjórn

Í kjölfar sjötta þings KÍ vék Björg Bjarnadóttir úr stjórninni en hún hafði gegnt embætti formanns. Úr stjórn gengu einnig Guðbjörg Harpa Ingimundardóttir (FL) og Hulda Jóhannsdóttir (FSL). Þær breytingar urðu á framkvæmdastjórn undir árslok að fulltrúi FT lét af störfum í stjórninni. Nýr fulltrúi FT hefur ekki tekið sæti í framkvæmdastjórn.

Samkvæmt 28. grein laga KÍ mynda skólamálanefndir aðildarféлага KÍ skólamálaráð, ásamt varaformanni KÍ sem er formaður þess. Framkvæmdastjórn skólamálaráðs er í forsvari fyrir sameiginlegt skólamálastarf og skipa hana formaður skólamálaráðs og formenn skólamálanefnda.

### Erindisbréf

Stjórn KÍ setti skólamálaráði erindisbréf í júní þar sem kveðið er á um hlutverk, markmið, verkefni, skipan og starfshætti ráðsins samkvæmt lögum, stefnu og samþykktum. Hlutverk skólamálaráðs er að fjalla um uppeldis- og skólamál og álykta um þau til stjórnar KÍ og að vera stjórn til ráðuneytis um stefnumörkun. Meðal verkefna er að:

1. Útfæra, fjalla um og túlka skólustefnu KÍ og gera tillögur um framkvæmd stefnunnar og markmið.
2. Fara með mál sem tengjast faglegri menntun félagsmanna og annast tengsl við menntunarstofnanir þeirra og aðra aðila um fagleg málefni.
3. Annast tengsl við fagfélög og halda fundi með þeim eftir þörfum.
4. Undirbúa í samráði við stjórn KÍ ráðstefnur, fræðslufundi og námskeið um skóla- og menntamál eftir því sem á við á hverjum tíma.
5. Vinna að því að stjórnvöld ljúki innleiðingu menntalaga og að skólar fái stuðning í því skyni.
6. Finna leiðir til að efla og auka vægi list- og verkgreina í menntakerfinu í samstarfi við ýmsa aðila.
7. Fjalla um starf fagraðs um starfsþróun kennara og skólastjórna.

### Starfsáætlun og forgangsverkefni

Framkvæmdastjórn gekk í september frá starfsáætlun fyrir starfstímabilið sem var staðfest af stjórn KÍ í október. Helstu viðfangsefni skólamálaráðs samkvæmt starfsáætlun eru:

- Kynningarstarf og miðlun af ýmsu tagi
- Samstarf við ýmsa aðila
- Menntalög og aðalnámskrár
- Menntun, starfsþjálfun og -þróun félagsmanna
- Evrópumenntamál
- Fræðslufundir á vegum skólamálaráðs

Framkvæmdastjórn ákvað að neðangreind verkefni hefðu forgang í starfinu 2014-2015, en yrðu endurskoðuð árlega. Forgangsverkefnin fela í sér sameiginlegar áherslur í starfi framkvæmdastjórnar og skólamálanefnda aðildarfélaganna, áætlanagerð, málefnavinnu og upplýsingamiðlun. Markmiðið er að gera skóla- og menntamál að áberandi þætti í starfsemi og ímynd KÍ og að auka forystuhlutverk KÍ í skóla- og menntamálum inn og út á við.

1. Kortleggja stöðuna á innleiðingu menntalaga og aðalnámskráa og nota til að þrýsta á um að til verði markviss stefna um innleiðinguna og að öllum nemendum bjóðist innihaldsríkt nám við hæfi sem ekki verði rýrt að inntaki frá því sem nú er, í samræmi við stefnu KÍ um innleiðingu menntastefnu – gæði og innihald náms.
2. Greina-/pistlaskrif og fréttáflutningur um skólastefnu KÍ og skólamálasamþykktir í miðla KÍ, dagblöð og samfélagsmiðla í samstarfi við útgáfusvið KÍ, og að leita til félagsfólks og aðila utan KÍ um þátttöku.
3. Beita sér fyrir að starf fagráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda beri árangur í stefnumótun og tillögum sem efli tækifæri og aðstæður kennara og skólastjórnenda til starfsþróunar, í samræmi við stefnu KÍ þar um.
4. Endurvekja samstarfsnefnd KÍ og MVÍS/HÍ um málefni kennaramenntunar og fagleg málefni sem tengjast störfum félagsmanna KÍ í skólum til að hafa áhrif á stefnumótun, þróun, kynningar og fræðslumál, í samræmi við stefnu KÍ þar um.
5. Taka saman stefnu og málflytning KÍ um helstu menntapólitísku viðfangsefnið í hvítbók menntamálaráðherra til að undirbúa þátttöku KÍ og félaga í þeirri vinnu og samræma áherslur.
6. Auka þekkingu á Evrópumenntamálum og færni KÍ og félaga til þátttöku í slíkri umræðu. Efla úrvinnslu efnis og miðlun þekkingar af vettvangi NLS, norrænu kennarasamtakanna, og úr öðru erlendu samstarfi.

Framkvæmdastjórn heldur fundi mánaðarlega en þó ekki um hásumarið, og voru níu fundir haldnir árið 2014. Eftirfarandi starfsskýrsla tekur mið af ofangreindum forgangsverkefnum og fleiri þáttum.

### Innleiðing menntalaga og aðalnámskráa

Framkvæmdastjórn hefur unnið að þessu verkefni með eftirfarandi hætti. Byrjað var á því að fara yfir ýmsar skýrslur og úttektir sem varpa ljósi á innleiðingu laga og aðalnámskráa og taka saman upplýsingar. Á grundvelli þessa var ákveðið að skoða stöðu innleiðingar út frá réttarstöðu nemenda, námskrár-breytingum, innra mati á skólastarfi og áhrifum kreppunnar. Í kjölfarið óskaði framkvæmdastjórn eftir fundi með fulltrúum Reykjavíkurborgar, Námsmatsstofnunar, menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um niðurstöður ytra mats á skólum og um tilætluð áhrif laga 2008 og aðalnámskráa 2011 á skólastarfið, nemendur og menntun þeirra. Þessi fundur var haldinn í byrjun nóvember og gerðu fulltrúar frá Reykjavíkurborg, Námsmatsstofnun og menntamálaráðuneyti grein fyrir málum. Niðurstöður sýna að breitt bil er á milli þess sem lög og aðalnámskrár mæla fyrir um skólastarfið og veruleikans í skólunum. Stuðning vantar við skóla til að vinna að innleiðingu laga og aðalnámskráa með fjármunum og ráðgjöf, og við að fylgja eftir niðurstöðum mats í umbóta- og þróunarstarfi. Framkvæmdastjórn telur að nýta þurfi upplýsingar úr ytra mati og tengja við vinnu fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara og við starf faggreinafélaga. Í framhaldi af þessum fundi fór framkvæmdastjórn yfir áætlun sem menntamálaráðuneytið setti árið 2013 um innleiðingu skólastarfsbreytinga samkvæmt nýjum námskrám, og ákvað í desember að óska eftir fundi með fulltrúum ráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um hana.

## Greinaskrif og fréttáflutningur um skólamál

Framkvæmdastjórn byrjaði á að óska eftir samræðum við útgáfu- og kynningarstjóra KÍ um aðferðir við að efla greinaskrif og fréttáflutning um skólamál, og hefur verið unnið að ýmsum atriðum sem þá komu fram. Mótuð voru viðfangsefni út frá yfirskriftum í skólafestnu og samþykktum um skólamál og þeim deilt niður á fulltrúa í framkvæmdastjórn og skólamálanefndum og þeir beðnir að finna fólk í sínum félögum til að skrifa greinar og fréttir af starfsvettvangi sem tengdust stefnu og samþykktum. Einnig var rætt um að taka viðtöl við fólk í skólunum um starfið. Mat framkvæmdastjórnar á eflingu miðlunar um skólamál er að málið hafi þokast áfram en að herða verði vinnu að þessu. Markmiðið er að alltaf séu nægar greinar tiltækar um skólamál frá KÍ og aðildarfélögum til birtingar í miðlum. Þetta kallar á ákveðið skipulag og utnumhald sem þarf að vinna að, og einnig þarf að skýra betur hverjir hjá KÍ og aðildarfélögum eiga að bera ábyrgð á því að leita að fólki til að skrifa greinar og fréttir og innkalla til útgáfusviðs til birtingar.

## Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara

Fagráðið er stofnað til þriggja ára með skipunarbréfi menntamálaráðherra 27. febrúar 2013. Þar eiga ráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands og þrjú háskólar sem mennta kennara samstarfsvettvang um sjónarmið og álitamál varðandi símenntun og starfsþróun félagsmanna KÍ og um vinnu að stefnumörkun í þeim málum. Fagráðið er skipað 19 fulltrúum, þremur frá ráðuneytinu auk formanns sem er skipaður án tilnefningar, fjórum frá Sambandinu, fjórum frá skólafestjórnendum, fjórum frá kennurum og þremur frá háskólum sem mennta kennara. Formaður er Sigurjón Mýrdal. Fulltrúar KÍ eru:

Aðalheiður Steingrímsdóttir, Félag leikskólakennara  
Anna María Gunnarsdóttir, Félag framhaldsskólakennara  
Guðbjörg Ragnarsdóttir, Félag grunnskólakennara  
Ingibjörg Kristleifsdóttir, Félag stjórnenda leikskóla  
Sigrún Grendal, Félag tónlistarskólakennara  
Steinunn Inga Óttarsdóttir, Félag stjórnenda í framhaldsskólum  
Svanhildur M. Ólafsdóttir, Skólafestjórufélag Íslands

Sex manna stýrihópur leiðir starf fagráðsins. Aðalheiður Steingrímsdóttir er þar fulltrúi kennarafélaga KÍ og Svanhildur M. Ólafsdóttir fulltrúi stjórnendafélaga KÍ. Starfsmaður fagráðs í 50% starfi er Sólrún Harðardóttir, sem hefur aðsetur hjá Námsmatsstofnun. Verkefni fagráðs eru ekki á sérstökum fjárlagalið en miðað er við að ráðherra tryggi fjárframlag til að standa straum af kostnaði við verkefni þess og vinnu starfsmanns. Þá er einnig gert ráð fyrir að ráðuneytið greiði kostnað við rekstur upplýsingaveitu um símenntun og starfsþróun kennara. Á árinu hélt fagráðið þrjú fundi og tólf fundir voru haldnir í stýrihópnum. Starfað var að eftirfarandi verkefnum:



## Skilgreining á starfsþróun

Fagráðið kom sér niður á eftirfarandi skilgreiningu á starfsþróun sem þarf að vera í stöðugri endurskoðun:

*Starfsþróun er samfellt meðvitað og mótað ferli sem leiðir til umbóta og jákvæðrar þróunar. Hún er beintengd daglegu starfi kennara með nemendum og skipulögð í kringum raunveruleg viðfangsefni starfsins. Hún hefur skýran tilgang og markmið og miðar að því að efla færni og þekkingu starfsfólks skóla og auka gæði í starfi. Hún á sér stað í faglegu lærdómssamfélagi, er augljós og samofinn hluti daglegs starfs fagfólks skóla og ber einkenni af menningu samfélags í þróun. Hún felur m.a. í sér formlegt nám, innleiðingu í starf á fyrsta starfsári, námskeið, rannsóknir á eigin starfi, þátttöku í þróunarverkefnum, ráðgjöf, ráðstefnur, fræðilestur og skólaheimsóknir svo eitthvað sé nefnt. Stefnumiðuð starfsþróun stuðlar að aukinni starfsánægju, hefur áhrif á árangur í starfi og minnkar líkur á kulnun eða brotthvarfi kennara úr starfi.*

## Vefur og upplýsingaveita

Vefur fagráðs, [starfsthroukennara.is](http://starfsthroukennara.is), miðlar upplýsingum um starf ráðsins og almennu efni um starfsþróun. Nátengd vefnum er upplýsingaveitan [starfsthroukennara.is/upplysingaveita-2/](http://starfsthroukennara.is/upplysingaveita-2/) og er tilgangur hennar að miðla framboði á símenntun og starfsþróun fyrir kennara. Áformað er að opna veituna formlega á fundi fagráðs 19. mars 2015.

## Skýrsla um sjóði

Að frumkvæði fagráðs vann Sigrún Vésteinsdóttir hjá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri að skýrslu um þá sjóði sem styrkja starfsþróun félagsmanna KÍ. Niðurstöður skýrslunnar eru ekki tæmandi en gefa engu að síður góða mynd af því hvaða sjóðir styðja starfsþróun félagsmanna, hvers konar starfsþróun er styrkt og hversu miklum fjármunum var varið í málaflokkinn árin 2012 og 2013. Skýrslan er á heimasíðu KÍ og á vef fagráðsins, [starfsthroukennara.is](http://starfsthroukennara.is)

## Fundir og ráðstefnur

Fagráðið var í samstarfi við miðstöð skólaþróunar HA um ráðstefnu um starfsþróun kennara í apríl. Fagráðið skipulagði ráðstefnuna „*Future Teachers – A Profession at crossroads*“ sem haldin var í ágúst en Norræna ráðherranefndin stóð að henni. Námsmatsstofnun hélt fund í október í samráði við fagráðið um kennsluhætti og námsumhverfi í grunnskólum. Fagráðið hélt fræðslufund um símenntun og starfsþróun kennara að frumkvæði skólamálaráðs KÍ í nóvember. Markmiðið var að útbreiða þekkingu á hlutverki og starfi fagráðsins og ræða með þátttöku fundarmanna um stefnumótunarvinnu ráðsins. Efni frá fundum og ráðstefnum er á [starfsthroukennara.is](http://starfsthroukennara.is). Ekki er búið að festa niður opna fundi á vegum fagráðs fyrir árið 2015.

## Stefnumótun

Í fagráðinu er hafin vinna að stefnumótun um símenntun og starfsþróun kennarastéttarinnar en ráðið skilar af sér lokaskýrslu í byrjun næsta árs. Unnið er að því að draga saman ýmislegt efni í þessa vinnu. Vinnuhópar á vegum fagráðs eru að ganga frá greinargerðum um efni ráðstefnunnar *Future Teachers* og um þá sjóði sem styrkja starfsþróun félagsmanna KÍ með tillögum til fagráðsins um hvernig megi nýta þetta efni í stefnumótunarvinnu. Einnig er stefnt að því að skoða rannsóknir OECD á viðhorfum kennara og skólastjórnenda til starfsaðstæðna sinna (TALIS 2013) og fleira efni og greina þarfir þeirra fyrir símenntun og starfsþróun. Lokastarfstímabil fagráðsins er hafið og er mikilvægt að vel takist til um niðurstöður og tillögur um símenntun og starfsþróun kennarastéttarinnar.

## Samstarfsnefnd KÍ og menntavísindasviðs HÍ

Samstarfsnefndin var upphaflega stofnuð árið 2009 og starfaði út árið 2012. Nefndin var endurvakin með samþykkt KÍ og MVS/HÍ 3. nóvember 2014 og hefur sömu markmið og áður sem eru:

- Að efla kennaramenntun og kennarastarf.
- Að taka þátt í faglegri umræðu um kennaramenntun og kennarastarf á hverjum tíma, ræða m.a. um breytingar á lögum og reglugerðum og skyld mál, fjalla um skipulag og úrbætur og eiga frumkvæði að umræðu um nýjungar.
- Að tryggja gagnkvæmt flæði upplýsinga milli félagsmanna KÍ og MVS og sinna fræðslu- og kynningarverkefnum er þessu tengjast.

Samstarfsnefndin vill leggja sérstaka áherslu á að auka veg og virðingu kennaramenntunar og kennarastarfsins. Hvor aðili tilnefnir fjóra aðalmenn og einn varamann. Fulltrúar KÍ í nefndinni eru Aðalheiður Steingrímsdóttir, Fjóra Þorvaldsdóttir, Guðbjörg Ragnarsdóttir, Guðríður Arnardóttir og varamaður Ingibjörg Kristleifsdóttir. Fulltrúar MVS eru Gunnhildur Óskarsdóttir, Arna H. Jónsdóttir, Freyja Hreinsdóttir, Þuríður Jóhannsdóttir og varamaður Berglind Rós Magnúsdóttir. Aðilar skiptast á um að veita nefndinni formennsku. Fyrsti fundur í nefndinni var haldinn um miðjan desember.

## Stefna KÍ um hvítbók menntamálaráðherra

Framkvæmdastjórn Skólamálaráðs hafði frumkvæði að því að KÍ mótaði sér stefnu um málaflokkana í hvítbók og fól stjórn KÍ skólamálaráði þetta verk í september. Farin var sú leið að móta tvær stefnur, eina um mál sem varða nemendur og aðra um mál sem varða kennarastéttina og voru þær staðfestar í stjórn KÍ í október og nóvember. Markmiðið var að taka saman stefnu og málflutning KÍ um helstu menntapólitísku viðfangsefni í hvítbók til að undirbúa þátttöku KÍ í þeirri vinnu og samræma áherslur.

Ráðuneytið stofnaði til fjögurra formlegra verkefnahópa um hvítbók (læsi, námstíma, starfsmenntun og náms- og starfsráðgjöf) og valdi einstaklinga til setu í þeim. KÍ óskaði ítrekað eftir endurskoðun á þessari skipan mála við ráðherra en þær athugasemdir voru ekki teknar til greina. Samráðið sem ráðuneytið ákvað að viðhafa hefur verið eftirfarandi. Í fyrsta lagi að KÍ og fleiri aðilar stofnuðu til rýnihópa á sínum vegum sem myndu funda með verkefnahópum um læsi, námstíma og starfsmenntun og skila álitserðum um áherslur hvítbókar. Í öðru lagi að tilnefna fulltrúa í samráðshóp sem starfar með verkefnisstjórn ráðuneytis og veitir ráðgjöf og rýnir tillögur um aðgerðir. Í þriðja og síðasta lagi að tilnefna fulltrúa í ráðgjafahóp ráðherra í menntamálu en þar er áformað að kynna endanlegar aðgerðaáætlanir.

Rýnihópum KÍ um læsi, námstíma og starfsnám var boðið upp á einn til tvo fundi með verkefnahópunum um téð málefni og að skila álitserðum um þessi mál í byrjun desember. Eina aðkoman sem KÍ var boðin að náms- og starfsráðgjöf var að sækja stefnumótunarfund um málið í nóvember ásamt ýmsum fleiri aðilum. Seinni hluta nóvember og fram í miðjan desember fóru fram fundir í samráðshópnum og kynnt voru drög að tillögum um efni aðgerðaáætlana um læsi og starfsmenntun. Tímalínan í vinnu verkefnahópa gekk út á að aðgerðaáætlanir um læsi, námstíma og starfsmenntun kæmu til umsagnar í samráðshópnum upp úr miðjum janúar 2015.

Fyrirkomulagið á samráði, þ.e. form og vinnulag, sem ráðuneytið ákvað einhliða er ófullnægjandi. Ekki er um eiginlegt samráð að ræða og vinna verkefnahópa aflokuð í ráðuneytinu.

## Evrópumenntamál

Framkvæmdastjórn hefur eftir föngum reynt að fylgjast með og kynna sér ýmsar skýrslur sem komið hafa út um skólamáli í Evrópu til að auka þekkingu sína á því sem hæst ber. Minna svigrúm hefur gefist til að vinna að því verkefni að efla úrvinnslu efnis og miðlun þekkingar af Evrópuvettvangi og úr erlendu samstarfi KÍ og aðildarfélaga en væntingar voru um. Mikilvægt er að herða þetta starf á næsta ári.

## Umsagnir

Framkvæmdastjórn sér um umsagnir um frumvörp sem varða skólamál og menntun félagsmanna, lög og reglur, samkvæmt beiðnum þar um. Veittar voru umsagnir til menntamálaráðuneytis um þrjú mál:

- Um tillögur um breytt þjónustufyrirkomulag við börn og ungmenni með tal- og málþroskaraskanir.
- Um drög að umburðarbréfi um heimildir til kennslu samkvæmt 21. gr. laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum.
- Um drög að frumvarpi til laga um Menntamálastofnun.

Einnig var veitt umsögn til allsherjar- og menntamálanefndar alþingis um frumvarp til laga um Menntamálastofnun.

## Fundir og fræðslustarf

Samkvæmt erindisbréfi og lögum KÍ um skólamálaráð er skólamálaráði ætlað að standa fyrir árlegum fræðslufundum. Í byrjun janúar var haldinn fræðslu- og kynningarfundur með Heimili og skóla um sameiginlega hagsmuni, snertifleti og í hverju samstarf gæti verið fólgið. Um miðjan febrúar var haldið opið málþing um stöðu list- og verkgreina í skólakerfinu og í nóvember var haldinn fræðslufundur í samstarfi við fagráð um símenntun og starfsþróun kennara um hlutverk og starf fagráðsins og stefnumótunarvinnu.

## Sjúkrasjóður

### Fulltrúar í stjórn Sjúkrasjóðs

Kristín Stefánsdóttir	Formaður	Félag tónlistarskólakennara
Ásdís Auðunsdóttir*		Félag framhaldsskólakennara
Margrét Sigríður Þórisdóttir		Félag grunnskólakennara
Dadda Sigríður Árnadóttir*		Félag leikskólakennara
Sigurborg Matthíasdóttir*		Félag stjórnenda í framhaldsskólum
Lilja Eypórsdóttir*		Félag stjórnenda leikskóla
Jón Pétur Zimsen*		Skólastjórafélag Íslands

### Til vara:

Jónína Sveinbjörnsdóttir*	Félag grunnskólakennara
Páll Magnús Skúlason*	Félag stjórnenda í framhaldsskólum
Ingibjörg Kristleifsdóttir*	Félag stjórnenda leikskóla
Anna Sigríður Pétursdóttir*	Skólastjórafélag Íslands

### \*Ný í stjórn

Fráfarandi stjórn Sjúkrasjóðs starfaði áfram eftir að kjörtímabili hennar lauk þar til stjórn KÍ hafði staðfest tilnefningu fulltrúa aðildarféлага í samræmi við lög KÍ. Ný stjórn tók til starfa á síðari hluta október 2014. Þá gengu úr stjórn Ásdís Ingólfssdóttir (FF), Guðmundur Freyr Sveinsson (SÍ) og Toby Sigrún Herman (FF), sem og varamennirnir Inga María Friðriksdóttir (FG), Ásdís Jónsdóttir (FG), Kristín Jónsdóttir (FG), Elísabet Siemsen (FS) og Soffía Þorsteinsdóttir (FSL).

Samkvæmt reglum Sjúkrasjóðs KÍ er hlutverk sjóðsins eftirfarandi:

- Að veita sjóðfélögum fjárhagsaðstoð vegna veikinda, slysa og dauðsfalla.
- Að styðja sjóðfélaga vegna endurhæfingar eftir slys eða sjúkdóma.
- Að styðja sjóðfélaga í fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi, heilsufar og heilbrigði þeirra.

Úthlutað hefur verið úr sjóðnum frá 1. nóvember 2001 og hafði því í árslok 2014 verið úthlutað úr sjóðnum í rúm 13 ár. Stjórnarfundir eru haldnir í síðari hluta hvers mánaðar og þá tekur til afgreiðslu umsóknir um sjúkradagpeninga, umsóknir um styrki vegna 6. gr. úthlutunarreglna, umsóknir um styrki vegna tannlæknakostnaðar og aðrar þær umsóknir sem nauðsynlegt er að sjóðsstjórn fjalli um, auk erinda sem sjóðsstjórn berast. Jafnframt staðfestir sjóðsstjórn afgreiðslu annarra umsókna sem afgreiddar eru af starfsmönnum á milli funda.

### Úthlutunarreglur og eyðublöð

Samkvæmt reglum um Sjúkrasjóðs KÍ ber sjóðsstjórn að endurskoða úthlutunarreglur sjóðsins eigi sjaldnar en árlega. Stjórn og starfsmenn sjóðsins fylgjast reglulega með þróun úthlutunarreglna sjúkra- og styrktarsjóða annarra stéttarféлага, auk breytinga á kostnaði vegna þeirra styrkflokka sem undir sjóðinn falla. Úthlutunarreglum var breytt einu sinni á árinu 2014 og tóku breyttar úthlutunarreglur gildi 1. júlí 2014. Styrkumsóknir fara að mestu leyti í gegnum „mína síður“ og hefur það fyrirkomulag reynst vel. Eyðublöð eru eftir sem áður aðgengileg á vefsíðu KÍ ef ekki er hægt að skila rafrænt.

### Tekjur og úthlutanir

Fjárhagsstaða Sjúkrasjóðs KÍ er góð og á árinu 2014 var úthlutað tæpum 340 milljónum úr sjóðnum, sem er um 10 milljónum meira en árið 2013. Skipting styrkja milli flokka er svipuð og árið 2013. Þó hafa meðferðarstyrkir hækkað um tæpar sjö milljónir en fæðingarstyrkir lækkað um rúmar sex milljónir á milli ára. Styrkir vegna tannlæknakostnaðar nema um sjö og hálfri milljón og er það nokkru lægri upphæð en sjóðsstjórn hafði gert ráð fyrir að gæti fallið til vegna þessa nýja liðar í úthlutunarreglum.

#### Styrkir skiptust þannig árið 2014 (í þús.kr.)

Meðferðarstyrkir	65.445	19.3%
Sjúkradagpeningar sjóðfélaga	122.876	36.2%
Sjúkradagpeningar vegna maka og barna	5.368	1.6%
Fæðingarstyrkir	65.941	19.4%
Útfararstyrkir	6.500	1.9%
Heyrnartæki	3.567	1.0%
Gleraugu og laseraðgerðir	23.963	7.1%
Glasafriðgun og tæknisæðing	5.611	1.7%
Ættleiðingar	1.000	0.3%
Forvarnir	13.747	4.0%
Kostnaðarsamar lækniáðgerðir	8.418	2.5%
Tannlæknakostnaður	7.515	2.2%
Aðrir styrkir	9.822	2.9%
Samtals	339.774	100.0%

#### Lokaorð

Á síðustu fjórum árum hefur hátt í 1,2 milljarði króna verið úthlutað úr Sjúkrasjóði, þar af tæpum 670 milljónum á árunum 2013 og 2014. Nýrrar stjórnar Sjúkrasjóðs KÍ bíða verkefni í samræmi við samþykkt þings KÍ um sjóðinn, þ.m.t. hækkun styrkja vegna tannlæknakostnaðar. Mikilvægt er að kynna sjóðinn reglulega fyrir sjóðsfélögum og mun sjóðsstjórn á komandi ári huga sérstaklega að því.

F.h. stjórnar Sjúkrasjóðs

Kristín Stefánsdóttir, formaður

## Orlofssjóður

### Fulltrúar í stjórn Orlofssjóðs:

Elís Þór Sigurðsson	Formaður	Félag grunnskólakennara
Guðmundur Björgvin Gylfason		Félag framhaldsskólakennara
Íris Guðrún Sigurðardóttir*		Félag leikskólakennara
Þórarinn Ingólfsson*		Félag stjórnenda í framhaldsskólum
Erla Stefanía Magnúsdóttir		Félag stjórnenda leikskóla
Ólöf Inga Andrésdóttir		Skólastjórafélag Íslands
Þórarinn Sigurbergsson*		Félag tónlistarskólakennara

### Til vara:

Edda Guðmundsdóttir		Félag grunnskólakennara
Dröfn Viðarsdóttir*		Félag stjórnenda í framhaldsskólum
Sigurður Sigurjónsson*		Félag stjórnenda leikskóla
Elfa Eydal Ármannsdóttir*		Skólastjórafélag Íslands
Jón Ólafsson*		Félag framhaldsskólakennara

\* Ný í stjórn

Nokkrar breytingar urðu á stjórninni í kjölfar sjötta þings KÍ. Úr stjórn viku Ólöf Jónsdóttir (FT), Helga Charlotte Reynisdóttir (FL) og Sigurður Halldór Jensson (FG). Edda Guðmundsdóttir vék úr aðalstjórn og er nú varamaður í stjórn. Ólöf Inga Andrésdóttir (SÍ), fyrrum varamaður, var skipuð í stjórn og Edda Lára Kaaber (FG) vék úr stjórn.

### Starfsmenn Orlofssjóðs (aðrir en starfsmenn í Kennarahúsi):

Elís Þór Sigurðsson, formaður Orlofssjóðs	(starfshlutfall 25%)
Ragnheiður Ólafsdóttir, umsjónarmaður á Sóleyjargötu 33	(starfshlutfall 60%)
Einar Clausen, umsjónarmaður á Sóleyjargötu 25	(starfshlutfall 50%)
Ólafur Ómar Hlöðversson, umsjónarmaður á Flúðum	(starfshlutfall 100%)
Auður Kolbeinsdóttir, starfsmaður á Flúðum	(starfshlutfall 100%)
Snorri Freyr Jóhannesson, starfsmaður á Flúðum	(starfshlutfall 50%)
Sigrún Birna Óladóttir, umsjónarmaður í Kjarnabyggð*	(starfshlutfall 50%)

\* hóf störf í desember 2014

Jónína Einarsdóttir lét af störfum sem umsjónarmaður í Kjarnabyggð í desember 2014.

### Hlutverk Orlofssjóðs KÍ samkvæmt samþykktum þings KÍ 2014

Tilgangur sjóðsins samkvæmt 2. grein sjóðsreglna og hlutverk sjóðstjórnar er:

1. Að kaupa orlofsheimili einn sér eða ásamt öðrum, fjármagna byggingu þeirra og annast viðhald og rekstur á þeim hluta er heyrir undir sjóðinn. Fjárfesting og eignasala, annað en eðlilegt viðhald eigna, er þó ekki heimil nema að fengnu samþykki stjórnar KÍ.
2. Að taka á leigu orlofshús og endurleigja félagsmönnum eftir því sem þurfa þykir.
3. Að annast úthlutun orlofshúsa KÍ skv. reglum sem stjórnin setur sér. Reglur þessar skulu hljóta staðfestingu stjórnar KÍ.
4. Að semja um orlofsferðir fyrir félagsmenn KÍ innan lands sem utan.

Hlutverk sjóðstjórnar er að framfylgja því sem fram kemur í 2. grein um tilgang sjóðsins.



## Verkefni

Meðal verkefna stjórnar orlofssjóðs er að:

- Leitast við að hafa hagsýni að leiðarljósi í rekstri sjóðsins.
- Láta fara fram óháða úttekt á rekstri Orlofssjóðs KÍ til að fylgja eftir markmiði um hagkvæmni í rekstri, í samstarfi við stjórn KÍ.
- Vinna að því að auka fjölbreytni orlofstilboða.
- Leitast við að tryggja framboð orlofshúsa og íbúða víða um land til endurleigu fyrir félagsmenn.
- Kanna möguleika á leigu húsnæðis erlendis.
- Stefna að kaupum/byggingu a.m.k. tveggja nýrra húsa í orlofsbyggðinni í Kjarnaskógi við Akureyri.
- Stefna að kaupum á eignum í orlofshúsabyggðum í öllum landshlutum gefist forsendur til þess.
- Leita leiða til að bæta starfsmanna- og geymsluaðstöðu í Kjarnaskógi.
- Leitast við að bæta starfsmannaaðstöðu, auk véla- og verkfærageymslu, í Heiðabyggð við Flúðir.
- Stefna að byggingu þriggja nýrra húsa í stað þriggja gamalla húsa í Ásabyggð við Flúðir, sambærileg húsi nr. 34 í Ásabyggð.
- Efla kynningu á starfsemi orlofssjóðs.
- Kanna samstarfsmöguleika við orlofssjóði annarra stéttarféлага með möguleika á samvinnu/samrekstri á orlofssvæðum.
- Leita leiða til að tryggja netaðgang í öllum eignum orlofssjóðs.
- Huga að viðhaldi á húsunum við Sóleyjargötu og endurnýjun húsgagna.
- Leita markvissra leiða til að eyða ójöfnuði sem á sér stað við úthlutun orlofshúsa til félagsmanna KÍ og framkvæma eins og hægt er.
- Kanna setningu reglna um langtímaleigu vegna veikinda.
- Kanna setningu úthlutunarreglna fyrir skóla/menntastofnanir.
- Kanna setningu reglna um leigumöguleika fyrir félagsmenn FKE eða þá sem eru öryrkjar.

## Samþykktir stjórnar Orlofssjóðs

Fráfarandi stjórn Orlofssjóðs hefur haft það að leiðarljósi að hafa mikið aðhald með rekstri sjóðsins og greiða verulega niður skuldir. Fjárhagsstaða sjóðsins er góð og skuldir og rekstur Orlofssjóðs í góðu jafnvægi. Þjónustustig er mjög hátt miðað við orlofssjóði sambærilegra stéttarféлага.

## Eignir

*Ásabyggð: Tíu orlofshús, byggð 1986-1989. Þrjú orlofshús byggð 2005 til 2011.*

Þótt tíu fyrstu orlofshúsin í Ásabyggð séu komin nokkuð til ára sinna þá hefur verið lögð á það áhersla að huga vel að viðhaldi þeirra og endurbótum með það að markmiði að þau geti þjónað félagsmönnum mörg ár enn. Þau hafa verið vandlega yfirfarin, máluð að innan, skipt um innbú, gólfefni og fleira. Mjög góð nýting er á þessum húsum, þannig eru allar helgar bókaðar yfir vetrartímann og sumartíminn fullbókaður.

Auk 10 eldri húsanna eru þrjú nýjustu hús Orlofssjóðs staðsett í Ásabyggð. Heildarnýting þeirra á ársgrundvelli er yfir 86% sem er næstbesta nýtingin á orlofsbústöðum Orlofssjóðs KÍ.

### Heiðarbyggð: *Prettán orlofshús, byggð 2002 til 2009*

Rekstur húsanna í Heiðarbyggð gekk vel og nýting þeirra er mjög góð.

Heiðarbyggðarhúsin 12 sem Orlofssjóður lét hanna og byggja fyrir sig hafa komið mjög vel út hvað rekstur varðar og er almenn ánægja með þau hjá félagsmönnum. Þau eru mikið notuð, allar helgar fullbókaðar og nýting virka daga eykst jafnt og þétt. Viðbótarhúsið sem Orlofssjóður keypti árið 2008 og gerði upp nýtur vaxandi vinsælda enda með útsýni í sérflokki.

### Kjarnaskógur: *Fjögur orlofshús*

Orlofssjóður á fjögur hús í Kjarnaskógi. Þau eru tvenns konar. Annars vegar eru eldri húsin, númer 4 og 12, sem eru 55m<sup>2</sup>, með þremur svefnherbergjum og svefnplássi fyrir sex. Hins vegar eru nýrri húsin, númer 5 og 7, sem eru 70m<sup>2</sup> með þremur svefnherbergjum og svefnplássi fyrir átta. Heildarnýting á ársgrundvelli er yfir 89% sem er besta nýtingin á orlofsbústöðum Orlofssjóðs KÍ.

Akureyrarkaupstaður breytti án alls samráðs deiliskipulagi sumarhúsabyggðarinnar í Kjarnaskógi í lok árs 2014. Félag sumarhúsaeigenda í Kjarnaskógi beitti sér af öllu afli til að fá þessum áformum bæjarins breytt. Að lokum varð það að samkomulagi að ekki verður ekið í gegnum núverandi hverfi inn í nýtt sumarhúsasvæði og fráveitumál og annað slíkt verður heldur ekki tengt inn á þær veitur sem fyrir eru. Félag sumarhúsaeigenda í Kjarnaskógi náði þolanlegri lendingu í málinu en vinna við málið kostaði félagið mikla fjármuni.

### Sóleyjargata 33: *Fjórar íbúðir og fimm herbergi*

Mikil eftirspurn hefur verið eftir leigu á Sóleyjargötunni. Nýtingin á ársgrundvelli er um 83% og ekki hefur verið hægt að anna eftirspurn um helgar. Húsið var allt lagfært og málað að innan vorið 2014.

### Sóleyjargata 25: *Sex íbúðir*

Mikil eftirspurn hefur einnig verið eftir leigu á Sóleyjargötu 25. Nýtingin á ársgrundvelli er um 84% og ekki hefur verið hægt að anna eftirspurn um helgar. Húsið var á árinu 2014 allt málað að innan, og auk þess hefur íbúð númer 2 verið tekin í gegn.

### Heiðarbyggð: *Fundarsalurinn Fróði*

Ráðstefnu- og fundarsalur Orlofssjóðs er staðsettur á jarðhæð Háamóa 2. Á efri hæðinni er orlofsíbúð sem hægt er að leigja ásamt salnum. Fróði var tekinn í notkun í ágúst 2011. Salurinn er vel búinn öllum tækjum og öðru sem nota þarf við fundi eða skemmtanir. Hann tekur vel 60 manns í sæti en allur búnaður er fyrir mun fleiri gesti. Fróði er ekki nægjanlega mikið nýttur af félagsmönnum og er stjórn Orlofssjóðs nú að kanna hvað veldur. Þeir sem nýtt hafa salinn hafa lýst yfir mikilli ánægju með bæði salinn sjálfan og búnað hans.

### Önnur verkefni:

Orlofssjóður gerði samninga við fjölda ferðabjónustuaðila á kjörtímabilinu. Meðal annars var félagsmönnum boðið upp á að kaupa afsláttarmiða á hótél og gistiheimili víðsvegar um landið. Orlofssjóður niðurgreiddi þessa gistingu en þjónustan nýtur sífellt meiri vinsælda félagsmanna.

Sú nýbreytni var tekin upp sumarið 2014 að ekki var boðið var upp á kaup á gjafabréfum í gönguferðir með Útivist og Ferðafélagi Íslands, heldur voru ferðir félagsmanna niðurgreiddar gegn framvísun reikninga.

Í ljósi erfiðleika við að útvega til endurleigu orlofshús eða íbúðir samþykkti stjórn Orlofssjóðs að koma betur til móts við félagsmenn KÍ og bjóða aukið magn gjafabréfa í flug. Boðið var upp á gjafabréf hjá Icelandair eins og verið hefur en á starfstímanum bættust Flugfélag Íslands og Flugfélagið Ernir í hóp þeirra flugfélaga sem bjóða félagsmönnum gjafabréf í flug. Vinsældir þessara bréfa urðu mjög miklar og nýtist þetta tilboð félagsmönnum mjög vel.

Orlofssjóður gerði samning um sölu farmiða með Baldri um Breiðafjörð og tóku félagsmenn því mjög vel.

Orlofssjóður bauð félagsmönnum sínum útilegukort, veiðikort, golfkort, sund og safnakort til sölu á hagstæðu verði. Félagsmenn gátu keypt þessi kort án þess að missa við það orlofspunkta.

Ýmsir aðrir afslættir og tilboð standa félagsmönnum KÍ til boða í gegnum orlofsvefinn Frímenn en um slíka afslætti er samið á vormánuðum ár hvert.

#### Ferðablað:

Ferðablað Orlofssjóðs er gefið út í mars á hverju ári. Þar eru kynnt þau tilboð sem félagsmönnum standa til boða hverju sinni. Blaðinu er dreift til allra félagsmanna, auk þess sem það er birt á vef KÍ og heimasíðu Orlofssjóðs. Ný ferðatilboð Orlofssjóðs eru einnig kynnt jafnóðum á vef sjóðsins.

#### Að lokum:

Stjórn Orlofssjóðs byrjaði á árinu að fjalla um fyrirséðan tekjusamdrátt vegna breytinga á greiðslum félagsmanna FL. Skerðingin er veruleg en reynt verður að laga rekstur Orlofssjóðs breyttum aðstæðum og tryggja að þjónustan skerðist sem minnst.

F.h. stjórnar Orlofssjóðs

Elís Þór Sigurðsson, formaður

## Vinnudeilusjóður

### Fulltrúar í stjórn Vinnudeilusjóðs

Guðbjörn Björgólfsson	Formaður	Félag framhaldsskólakennara
Baldur Þorsteinsson		Félag grunnskólakennara
Sverrir Jensson Dalsgaard		Félag leikskólakennara
Ægir Karl Ægisson		Félag stjórnenda í framhaldsskólum
Særún Ármannsdóttir*		Félag stjórnenda leikskóla
Eyrún Halla Skúladóttir		Skólastjórafélag Íslands

### Til vara:

Elín Einarisdóttir		Félag grunnskólakennara
Jóna Vilhelmina Héðinsdóttir		Félag stjórnenda í framhaldsskólum
Vigdís Guðmundsdóttir		Félag stjórnenda leikskóla
Sigurður Þ. Ágústsson		Skólastjórafélag Íslands

\* Var áður varamaður í stjórn

Alger endurnýjun varð á stjórninni í kjölfar sjötta þings KÍ. Ingibergur Elíasson (FF), fyrrverandi formaður, gekk úr stjórninni sem og Elín Mjöll Jónasdóttir (FSL), Guðbjörg Harpa Ingimundardóttir (FL), Guðmundur Björgvin Gylfason (FF) og Ghasoub Adeb (FF). Úr varastjórn véku Kristín Kolbeinsdóttir (FG), Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir (SÍ) og Björgvin Rúnar Leifsson (FS). Særún Ármannsdóttir er sú eina sem ekki vék úr stjórn, en hún var varafulltrúi á síðasta kjörtímabili.

### Fundir stjórnar

Fyrri stjórn Vinnudeilusjóðs fundaði alls 7 sinnum á árinu og var síðasti fundur hennar (nr. 106) haldinn 27. ágúst 2014. Ný stjórn tók hélt fyrsta fund sinn 9. október en alls fundaði hún þrisvar sinnum á árinu. Eitt af fyrstu verkefnum hennar var að óska eftir ráðningu formanns stjórnar Vinnudeilusjóðs til starfa fyrir sjóðinn.

Vegna þessarar miklu endurnýjunar í stjórn er skýrslu stjórnar Vinnudeilusjóðs skipt í tvennt. Fyrri hluta skýrslunnar ritar fyrrum formaður sjóðsins, Ingibergur Elísson. Síðari hlutann ritar núverandi formaður stjórnar, Guðbjörn Björgólfsson.

## Vinnudeilusjóður Kennarasambands Íslands frá áramótum til október 2014

### Starfsstjórn

Stjórn átti að réttu lagi að skila umboði sínu á 6. þingi KÍ 6. – 8. apríl. Á þinginu voru hins vegar samþykktar breytingar á lögum sambandsins þar sem segir að aðildarfélög þess tilnefni einn fulltrúa hvert í stjórn Vinnudeilusjóðs en stjórn KÍ formann stjórnar. Ekki náðist að skipa stjórn samkvæmt þessu að fullu fyrr en í októbermánuði. Stjórn KÍ óskaði eftir því að fráfaramandi stjórn sæti áfram þar til þessu væri lokið. Formaður stóð vakt um málefni sjóðsins allt þar til ný stjórn tók til starfa.

### Fjármál

Um tekjur, gjöld og eignir vinnudeilusjóðs er vísað til ársreikninga sjóðsins sem lagðir voru fram og samþykktir á ársfundum KÍ og á 6. þingi Kennarasambandsins. Reikningar sjóðsins fyrir árið 2014 voru ekki til umfjöllunar hjá fráfaramandi stjórn og mun verða fjallað um þá í þeim hluta ársskýrslu sem núverandi stjórn leggur fram hvort sem þessi hluti sem hér er lagður fram verður notaður óbreyttur eða sem efni í þeirri skýrslu.

## Vinnudeilur

Á sjötta þingi KÍ var samþykkt að hefja að nýju greiðslur hluta af félagsgjaldi til Vinnudeilusjóðs. Þar af leiðandi féllu úr gildi samþykktir frá árinu 2009 um að sjóðurinn tæki ekki þátt í kostnaði aðildarfélaganna af vinnudeilum meðan tillag af félagsgjöldum rynni ekki til sjóðsins.

Í fundargerðum stjórnar Vinnudeilusjóðs nr. 105 og 106 kemur nánar fram um upphæðir framlags til aðildarfélaganna vegna verkfallsstyrkja, þátttöku í kostnaði vegna kjarasamninga og annað sem þetta varðar á starfstíma stjórnarinnar á árinu.

## Minnisblað stjórnar Vinnudeilusjóðs KÍ eftir kjörtímabilið 2011 – 2014

Á stjórnarfundi 3. apríl 2014 var eftirfarandi minnisblað gert en þá var ekki búið að samþykkja lagabreytingu svo einhverja liði verður að skoða í því ljósi.

- Fram til ársloka 2009 var í gildi samþykkt um að Vinnudeilusjóður styrkti vinnu aðildarféлага við kjarasamninga. Mjög líklegt er að þessi samþykkt verði vakin upp á ný með tilmælum til stjórnar sjóðsins. Fráfarandi stjórn leggur til við nýja stjórn sjóðsins að ef af þessu verður, verði gerðar um þetta ýtarlegri reglur en áður giltu. Þá má ímynda sér að rétt væri að sjóðurinn afmarkaði fé til þessa. Meginmarkmið sjóðsins er að styrkja kennara í aðildarfélögum í verkfalli eða verkbanni.
- Stjórn sem við tekur þarf að tilkynna Landsbanka og Íslandsbanka nöfn formanns og stjórnarmanna. Fulltrúar í bönkum sem sjóðurinn hefur samstarf við eru: Guðni Hafsteinsson í Landsbanka og Atli Þór Sigurjónsson í Íslandsbanka og einnig Haraldur Gunnarsson hjá Víb. Gera þarf skjalavinnu vegna umboða.
- Halda þarf fljótlega fund með Fjárvörsluráði/hagfræðingi KÍ.
- Ávöxtun fjármuna er í föstum skorðum. Stefna um ávöxtun hefur sú verið að gæta varfærni og lítillar áhættu. Samningur er við Landsbankann um fjárvörslu og er safnið bæði innistæður og verðbréf. Fé sjóðsins í Íslandsbanka er hins vegar að mestu á innlánsreikningum og hjá Víb bæði á innlánsreikningi og að litlum hluta í verðbréfum. Áhrif gjaldeyrishaftanna á ávöxtun sjóðsins eru þau að allar hreyfingar eru mjög hægar. Þá á sjóðurinn eftirstöðvar af sjóðsbréfum í slitameðferð hjá ÍV að markaðsvirði kr. 118.668.
- Stjórn hefur greiðan aðgang að endurskoðanda sjóðsins, Ernst & Young en þar er í forsvari Árni Snæbjörnsson, til ráðgjafar um ákvarðanir eða annað sem skiptir máli í starfsemi sjóðsins.
- Í fundargerðir þarf að skrá alla gjörninga, samþykktir og ákvarðanir. Endurskoðendur krefjast þess að fá allar fundargerðir. Mikilvægt er að öll gögn séu færð skilvíslega í skjalasafn KÍ.
- Stjórn þarf að ákveða hver sjái um/hvernig háttað verði daglegri umsjón með starfsemi sjóðsins.
- Fráfarandi stjórn fjallaði nokkuð um málverk sem hefur verið lengi í eigu sjóðsins án niðurstöðu.

Fyrir hönd fráfarandi stjórnar Vinnudeilusjóðs KÍ 2011 – 2014  
Ingibergur Elíasson formaður.

## Vinnudeilusjóður Kennarasambands Íslands frá og með október 2014 til áramóta.

Nýkjörin stjórn Vinnudeilusjóðs KÍ hélt sinn fyrsta fund hinn 9. október. Mættir voru Þórður Á. Hjaltested, formaður KÍ, Ingibergur Elíasson, fráfarandi formaður stjórnar Vinnudeilusjóðs ásamt 5 stjórnarmönnum. Einn boðaði forföll en FT hafði um áramót ekki enn tilnefnt sinn fulltrúa í stjórn sjóðsins. Stjórnin ákvað að óska eftir ráðningu formanns stjórnar til starfa fyrir sjóðinn.

### Fjárvörsluráð

Fundur í Fjárvörsluráði KÍ var haldinn 19. desember. Þar var ákveðið að halda áfram varfærinni stefnu varðandi fjármuni Vinnudeilusjóðs og breyta í engu þeim reikningum og ávöxtunarleiðum sem fylgt hefur verið. Ástæða er þó til að fylgjast vel með þeim ávöxtunarleiðum sem bjóðast án þess að slaka á öryggi sem í þeim felst. Eignir Vinnudeilusjóðs eru ávaxtaðar hjá Íslandsbanka og Landsbankanum.

### Bankar

Stjórn Vinnudeilusjóðs ákvað að fá bankamenn á fund sjóðsins ásamt hagfræðingi og skrifstofustjóra KÍ til skafs og ráðagerða og mun slíkt verða gert á árinu 2015.

### Vinnudeilur

Á sjötta þingi KÍ var samþykkt að félagsmenn færu á ný að greiða iðgjald í Vinnudeilusjóð.

Ný stjórn sjóðsins ákvað í framhaldinu að greiða kostnað af vinnudeilum og kostnað við samningagerð til áramóta 2014/2015, enda hvert tilvik skoðað af stjórn, þannig að jafnræðis væri gætt.

### Stjórn Vinnudeilusjóðs KÍ samþykkti eftirfarandi á fundi sínum 24. nóvember 2014.

*Óskað er eftir að formenn aðildarfélaga KÍ leggi fram áætlanir um kostnað vegna viðræðuáætlana fyrir árið 2015.*

*Gerðar séu nýjar áætlanir er samningar renna út og samningar hafa ekki tekist.*

*Vinnudeilusjóður áskilur sér rétt til að kalla eftir nýjum áætlunum frá aðildarfélögum ef aðstæður gefa tilefni til.*

### Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefnan er óbreytt þar sem farið er eftir ákvæðum í reglum sjóðsins um ávöxtun samkv. 8. gr. en þar segir:

*„Fé sjóðsins skal ávaxta á sem tryggastan hátt og skal stjórnin kappkosta að varðveita verðgildi hans eins og frekast er unnt.*

Ekki hefur verið hvikað frá ofangreindri stefnu enda mikil óvissa á bankamarkaði.

### Staða Vinnudeilusjóðs

Ljóst er að Vinnudeilusjóður KÍ hefur tekið á sig kostnað vegna vinnudeilna og kjarasamningsgerðar sem gerð er grein fyrir í reikningum sjóðsins sem lagðir eru fram á ársfundinum.

Fyrir hönd Vinnudeilusjóðs KÍ frá október 2014

Guðbjörn Björgólfsson, formaður.



## Fræðslunefnd

### Fulltrúar í Fræðslunefnd:

Aðalheiður Steingrimsdóttir*	Formaður	Kennarasamband Íslands
Guðbjörg Ragnarsdóttir	Ritari	Félag grunnskólakennara
Hafdís D. Guðmundsdóttir		Kennarasamband Íslands
Anna María Gunnarsdóttir		Félag framhaldsskólakennara
Fjóla Þorvaldsdóttir		Félag leikskólakennara
Ingibjörg Kristleifsdóttir		Fulltrúi FS, FSL og SÍ

\* Ný í stjórn:

Sú breyting varð á sjötta þingi KÍ að Aðalheiður Steingrimsdóttir tók við formennsku í fræðslunefndinni af Björgu Bjarnadóttur. Þær breytingar urðu á nefndinni í september að Anna María Gunnarsdóttir tók sæti fulltrúa FF í stað Hönnu Bjargar Vilhjálmsdóttur og Elín Anna Ísaksdóttir, fulltrúi FT, lét af störfum í nefndinni í árslok. Nýr fulltrúi FT hefur ekki tekið sæti í nefndinni.

Fræðslunefnd KÍ tók formlega til starfa árið 2012 samkvæmt ákvörðun stjórnar KÍ.

Frá stofnun nefndarinnar hefur hlutverk hennar verið að skipuleggja og standa fyrir sameiginlegri fræðslu fyrir ýmsa hópa samkvæmt samþykktum þings KÍ um fræðslumál, og í samráði við stjórn KÍ. Á árinu voru haldnir 13 fundir í nefndinni þar sem nefndin mótaði m.a. tillögu að stefnu KÍ í fræðslumálum fyrir þing KÍ 2014 sem þingið samþykkti og skal fræðslustarfsemi á vegum KÍ einkum vera eftirfarandi:

1. Árleg trúnaðarmannafræðsla um störf trúnaðarmanna, hlutverk þeirra, réttindi og skyldur og helstu hagsmunamál stéttarinnar ásamt öðru sem brennur á hverju sinni. Aðildarfélagin halda samt sem áður fræðslu er tengist kjarasamningum hvers félags.
2. Forystufræðsla í upphafi kjörtímabils til þeirra sem veljast til trúnaðarstarfa á vegum KÍ og aðildarfélaganna til að styrkja fólk í slíkum störfum.
3. Reglulegir fræðslu/umræðufundir sem eru opnir öllum félagsmönnum um helstu kjara- og réttindamál, skóla- og menntamál og aðra málaflokka sem efstir eru á baugi hverju sinni.

Stjórn KÍ setti nefndinni erindisbréf í júní þar sem kveðið er á um hlutverk, markmið, verkefni, skipan og starfshætti hennar samkvæmt stefnu þings KÍ um fræðslumál. Nefndin stóð fyrir trúnaðarmannafræðslu og forystufræðslu í október 2014 samkvæmt stefnu í fræðslumálum. Haldinn var einn fræðslufundur fyrir nýja og nýlega trúnaðarmenn um hlutverk og verkefni trúnaðarmanna og sameiginleg réttindamál og þrjár fundir um forystufræðslu fyrir kjörna fulltrúa í stjórnnum og nefndum KÍ og aðildarfélaganna og formenn svæða- og félagsdeilda. Fundir voru sendir út á netinu og upptökum af þeim komið fyrir á heimasíðu KÍ. Nefndin fór yfir gögn úr fræðslustarfinu og vann ýmsar tillögur sem beint var til stjórnar KÍ til umræðu og ákvörðunar. Tillögur lúta meðal annars að mati á starfsemi og eftirfylgni, upplýsingamiðlun og fræðslu, samstarfi þvert á aðildarfélög, félagslegri virkni, ímyndarvinnu og átaki inn á við og út á við.

Fyrir hönd fræðslunefndar  
Aðalheiður Steingrimsdóttir, formaður

## Kjörstjórn

### Fulltrúar í Kjörstjórn:

Björk Helle Lassen	Formaður	Félag grunnskólakennara
Helga Sighvatsdóttir	Ritari	Félag tónlistarskólakennara
Lóa Björk Hallsdóttir		Félag leikskólakennara

### Til vara:

Lóa Steinunn Kristjánsdóttir*		Félag framhaldsskólakennara
-------------------------------	--	-----------------------------

\* Ný í stjórn

Á sjötta þingi KÍ var gerð sú breyting að framvegis tilnefnir hvert aðildarfélag KÍ einn fulltrúa í kjörstjórn og úr þeim hópi velur stjórn KÍ þrjá aðalmenn í kjörstjórn og tvo til vara. Það val fór fram á stjórnarfundum KÍ 24. júní 2014 þar sem áður nefndir voru valdir til að skipa nýja kjörstjórn fyrir tímabilið 2014-2018.

Í kjölfar sjötta þings KÍ urðu þær breytingar á stjórninni að Bragi Halldórsson, sem verið hafði formaður stjórnarinnar hætti sem og Magnea Antonsdóttir. Varamennirnir Fanney D. Halldórsdóttir (SÍ), Lilja Eyþórsdóttir (FSL) og Steinunn Inga Óttarsdóttir (FS) hættu einnig í stjórn.

Á árinu 2014 hélt kjörstjórn 18 fundi og annaðist eftirfarandi atkvæðagreiðslur:

### Verfall félagsmanna FF og FS við Verzlunarskóla Íslands

Þann 4. apríl 2014 lauk allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félaga í Félagi framhaldsskólakennara og Félagi stjórnenda í framhaldsskólum um boðun verkfalls í Verzlunarskóla Íslands 23. apríl 2014. Atkvæðagreiðslan stóð dagana 3. – 4. apríl 2014. Talning atkvæða fór fram 4. apríl 2014.

	Fjöldi	Hlutfall
Á kjörskrá	78	
Atkvæði greiddu	77	98,7%
Já	71	92,2%
Nei	5	6,5%
Auðir seðlar	1	1,3%

### Kjarasamningur félagsmanna FF og FS við ríkisrekna framhaldsskóla

Þann 22. apríl 2014 lauk allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félaga í Félagi framhaldsskólakennara og Félagi stjórnenda í framhaldsskólum innan KÍ. Kosið var um samkomulag milli KÍ og fjármálaráðherra um breytingar og framlengingu á kjarasamningi, sem skrifað var undir þann 4. apríl 2014.

	Fjöldi	Hlutfall
Á kjörskrá	1.558	
Atkvæði greiddu	1.010	64,8%
Já	898	88,9%
Nei	81	8,0%
Auðir seðlar	31	3,1%

### Kjarasamningur félagsmanna FF og FS við Menntaskóla Borgarfjarðar

Þann 22. apríl 2014 lauk rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félaga í Félagi framhaldsskólakennara og Félagi stjórnenda í framhaldsskólum innan Kennarasambands Íslands. Kosið var um samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli KÍ (vegna FF og FS) og Menntaskóla Borgarfjarðar. Skrifað var undir samninginn 4. apríl 2014.

	Fjöldi	Hlutfall
Á kjörskrá	14	
Atkvæði greiddu	8	57,1%
Já	8	100,0%
Nei	0	0%
Auðir seðlar	0	0%

### Kjarasamningur félagsmanna FF og FS við Tækniskólann

Þann 22. apríl 2014 lauk rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félaga í Félagi framhaldsskólakennara og Félagi stjórnenda í framhaldsskólum innan KÍ. Kosið var um samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands (vegna FF og FS) og Tækniskólans, sem skrifað var undir þann 4. apríl 2014.

	Fjöldi	Hlutfall
Á kjörskrá	165	
Atkvæði greiddu	80	48,5%
Já	70	87,5%
Nei	9	11,3%
Auðir seðlar	1	1,2%

### Kjarasamningur félagsmanna FF og FS við Verzlunarskóla Íslands

Þann 25. apríl 2014 lauk rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félaga í Félagi framhaldsskólakennara og Félagi stjórnenda í framhaldsskólum innan Kennarasambands Íslands um samkomulag Kennarasambands Íslands vegna framhaldsskóla og Verzlunarskóla Íslands um breytingar og framlengingu á kjarasamningi, sem skrifað var undir þann 11. apríl 2014.

	Fjöldi	Hlutfall
Á kjörskrá	81	
Atkvæði greiddu	57	70,37%
Já	55	96,5%
Nei	0	0,0%
Auðir seðlar	2	3,5%

## Verkfall félagsmanna FG

Þann 28. apríl 2014 lauk rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félaga í Félagi grunnskólakennara innan Kennarasambands Íslands um vinnustöðvun dagana 15., 21. og 27. maí til að stuðla að framgangi fyrirbyggjandi krafna félagsins.

	Fjöldi	Hlutfall
Á kjörskrá	4.294	
Atkvæði greiddu	2.981	69,6%
Já	2.433	81,6%
Nei	459	15,4%
Auðir seðlar	91	3,0%

## Kjarasamningur félagsmanna FG við Samband íslenskra sveitarfélaga

Þann 30. maí 2014 lauk rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félaga í Félagi grunnskólakennara. Kosið var um samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands vegna FG og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem skrifað var undir 21. maí 2014.

	Fjöldi	Hlutfall
Á kjörskrá	4.406	
Atkvæði greiddu	3.153	71,56%
Já	2.064	65,46%
Nei	1.017	32,26%
Auðir seðlar	72	2,28%

## Kjarasamningur félagsmanna FF við Fjölmennt

Þann 2. júní 2014 lauk rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félaga í Félagi framhaldsskólakennara innan Kennarasambands Íslands. Kosið var um samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands (vegna FF) og Fjölmenntar, sem skrifað var undir þann 28. maí 2014.

	Fjöldi	Hlutfall
Á kjörskrá	17	
Atkvæði greiddu	14	82,4%
Já	9	64,3%
Nei	4	28,6%
Auðir seðlar	1	7,1%

## Vinnustöðvun félagsmanna FL

Þann 2. júní 2014 lauk rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félaga í Félagi leikskólakennara innan Kennarasambands Íslands. Kosið var um vinnustöðvun 19. júní til að stuðla að framgangi fyrirbyggjandi krafna félagsins.

	Fjöldi	Hlutfall
Á kjörskrá	1.838	
Atkvæði greiddu	1.310	71,3%
Já	1.296	99,0%
Nei	8	0,6%
Auðir seðlar	6	0,4%

### Kjarasamningur félagsmanna SÍ við Samband íslenskra sveitarfélaga

Þann 19. júní 2014 lauk rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félaga í Skólastjórafélagi Íslands. Kosið var um samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands vegna SÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem skrifað var undir 10. júní 2014.

	Fjöldi	Hlutfall
Á kjörskrá	500	
Atkvæði greiddu	332	66,40%
Já	201	60,54%
Nei	118	35,54%
Auðir seðlar	13	3,92%

### Kjarasamningur félagsmanna FL við Samband íslenskra sveitarfélaga

Þann 3. júlí 2014 lauk rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félaga í Félagi leikskólakennara. Kosið var um samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands vegna FL og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem skrifað var undir 16. júní 2014.

	Fjöldi	Hlutfall
Á kjörskrá	1.926	
Atkvæði greiddu	1.334	69,3%
Já	1.041	78,0%
Nei	276	20,7%
Auðir seðlar	17	1,3%

### Kjarasamningur félagsmanna FSL við Samband íslenskra sveitarfélaga

Þann 15. september 2014 lauk rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félaga í Félagi stjórnenda leikskóla. Kosið var um samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands vegna FSL og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem skrifað var undir 2. september 2014.

	Fjöldi	Hlutfall
Á kjörskrá	428	
Atkvæði greiddu	287	67,1%
Já	200	69,7%
Nei	80	27,9%
Auðir seðlar	7	2,4%

### Kjarasamningur félagsmanna FL við Samtök sjálfstæðra skóla

Þann 25. september 2014 lauk rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félaga í Félagi leikskólakennara. Kosið var um samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands vegna FL og Samtaka atvinnulífsins v. Samtaka sjálfstæðra skóla, sem skrifað var undir 5. september 2014.

	Fjöldi	Hlutfall
Á kjörskrá	223	
Atkvæði greiddu	61	27,4%
Já	41	67,3%
Nei	19	31,1%
Auðir seðlar	1	1,6%

### Kjarasamningur félagsmanna FL við Leikskólann Aðalþing

Þann 25. september 2014 lauk rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félaga í Félagi leikskólakennara. Kosið var um samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands vegna FL og Sigöldu ehf v. Leikskólans Aðalþings, sem skrifað var undir 23. september 2014.

	Fjöldi	Hlutfall
Á kjörskrá	16	
Atkvæði greiddu	13	81,3%
Já	12	92,3%
Nei	1	7,7%
Auðir seðlar	0	0,0%

### Vinnustöðvun félagsmanna FT (v. tónlistarskóla sveitarfélaga)

Þann 6. október 2014 lauk rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félaga í Félagi tónlistarskólakennara, sem starfa hjá tónlistarskólum sem sveitarfélög starfrækja og Samninganefnd sveitarfélaga hefur samningsumboð fyrir. Kosið var um vinnustöðvun er kæmi til framkvæmda 22. október 2014.

	Fjöldi	Hlutfall
Á kjörskrá	335	
Atkvæði greiddu	259	77,3%
Já	248	95,8%
Nei	10	3,9%
Auðir seðlar	1	0,3%

### Vinnustöðvun félagsmanna FT (v. tónlistarskóla í einkaeigu/sjálfseignarstofnana)

Þann 6. október 2014 lauk rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félaga í Félagi tónlistarskólakennara, sem starfa hjá tónlistarskólum sem eru í einkaeigu eða teljast sjálfseignarstofnanir. Kosið var um vinnustöðvun er kæmi til framkvæmda 22. október 2014.

	Fjöldi	Hlutfall
Á kjörskrá	171	
Atkvæði greiddu	133	77,8%
Já	120	90,2%
Nei	12	9,0%
Auðir seðlar	1	0,8%

### Kjarasamningur félagsmanna FL við Waldorfleikskóla

Þann 9. október 2014 lauk rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félaga í Félagi leikskólakennara. Kosið var um samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands vegna FL og Waldorfleikskólans Sólstafa vegna Waldorfleikskólans Sólstafa að Grundarstíg 19, Waldorfleikskólans Hafnar að Marargötu 6 og Waldorfskólans Sólstafa að Sóltúni 6, sem skrifað var undir 22. september 2014.

	Fjöldi	Hlutfall
Á kjörskrá	6	
Atkvæði greiddu	4	66,67%
Já	4	100,0%
Nei	0	0,0%
Auðir seðlar	0	0,0%

### Kjarasamningur félagsmanna FT við Samband íslenskra sveitarfélaga

Þann 8. desember 2014 lauk rafrænni allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félaga í Félagi tónlistarskólakennara. Kosið var um samkomulag um breytingar og framlengingu á kjarasamningi milli Kennarasambands Íslands vegna FT og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem skrifað var undir 25. nóvember 2014.

	Fjöldi	Hlutfall
Á kjörskrá	530	
Atkvæði greiddu	360	67,92%
Já	293	81,39%
Nei	42	11,67%
Auðir seðlar	25	6,94%

Í skýrslu um starfsemi KÍ 2011 - 2014, sem lögð var fyrir sjötta þing Kennarasambandsins var gerð grein fyrir eftirfarandi atkvæðagreiðslum sem fram fóru á síðasta ári.

- Varaformannskjör í Kennarasambandi Íslands.
- Allsherjaratkvæðagreiðsla félagsmanna FF og FS í ríkisreklam framhaldsskólum um boðun verkfalls.
- Allsherjaratkvæðagreiðsla félagsmanna FF og FS í Menntaskóla Borgarfjarðar um boðun verkfalls.
- Allsherjaratkvæðagreiðsla félagsmanna FF og FS í Tækniskóla Íslands um boðun verkfalls.

Fyrir hönd kjörstjórnar

Björk Helle Lassen, formaður

## Vinnuumhverfisnefnd

Fulltrúar í Vinnuumhverfisnefnd:

Ásdís Ingólfssdóttir	Formaður	Félag framhaldsskólakennara
Guðný Anna Þóreyjardóttir	Ritari	Fulltrúi FS, FSL og SÍ
Sigurður Halldór Jesson		Félag grunnskólakennara
Kristín Magdalena Ágústsdóttir*		Félag leikskólakennara
Petrea Óskarsdóttir*		Félag tónlistarskólakennara

\*Ný í nefnd

Sú breyting varð á nefndinni í kjölfar sjötta þings KÍ að Sif Stefánsdóttir lét af embætti formanns og vék úr stjórninni. Við formennsku tók Ásdís Ingólfssdóttir.

Haldnir voru fjórir fundir á árinu 2014. Nefndin vann út frá stefnu KÍ í vinnuumhverfismálum og þeim tillögum er varða málaflökkinn sem koma fram á þingum KÍ. Hafdís D. Guðmundsdóttir, sérfræðingur í vinnuumhverfis- og jafnréttismálum, er starfsmaður nefndarinnar.

### Hávaði í skólum

Vinnuumhverfisnefnd ásamt Félagi leikskólakennara og Félagi stjórnenda leikskóla hefur verið í samstarfi við Valdís I. Jónsdóttur talmeinafræðing og Samband íslenskra sveitarfélaga um aðgerðir gegn hávaða í skólum og raddvernd kennara. Á árinu 2014 var gefið út fræðsluritið „Kennsluumhverfið – rödd og hlustun“ (rafrænt og á prenti) og listinn „Úrræði vegna hávaða í skólum“ (rafrænt).

Vinnueftirlitið og Mannvirkjastofnun styrktu útgáfuna og prentuð eintök voru m.a. send í alla leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla, á skólaskrifstofur, til sveitarstjóra og formanna fræðslunefnda sveitarfélaga, heilbrigðisnefnda sveitarfélaga, skólahjúkrunarfræðinga og ýmissa annarra hagsmunaaðila. Nefndin mun áfram vinna að málefnum á nýju kjörtímabili.

### Nordisk Arbeidsmiljø Nettverk – NAN

Vinnuumhverfisnefnd tekur fyrir hönd KÍ þátt í samstarfi norrænna kennarafélaga um vinnuumhverfismál. Samstarfið byggir á tengslaneti þar sem fulltrúar stéttarfélaga norrænna kennara hittast einu sinni á ári, skiptast á upplýsingum um hvað verið sé að gera og ræða mál sem varða starfsumhverfi kennara.

Fimmti samráðsfundur NAN var haldinn í húsnæði finnsku kennarasamtakanna OAJ í Helsinki mánudaginn 26.-27. maí 2014. Fulltrúi KÍ á fundinum var Hafdís D. Guðmundsdóttir. Meðal annars fjallaði Anna Tienhaara, sálfræðingur hjá finnska vinnueftirlitinu, *Arbetshälsoinstitutet*, um hvernig vellíðan kennara hefur áhrif á vellíðan nemenda og öfugt. Anna sagði frá niðurstöðum rannsóknarinnar „Pupil-Related Psychosocial Factors, School Setting, and Teacher Sick Leave: A Collaborative Data Study“. Í henni kemur fram að hegðunaráttíð og óánægja nemenda með skólagönguna tengist hættu á aukinni veikindafjarveru kennara. [Rannsóknina er að finna í heild sinni á vefnum.](#)

Ákveðið var að Grænlingar héldu næsta fund í lok sumars/haust 2015.



## Þing KÍ í apríl 2014

Vinnuumhverfisnefnd gerði smávægilegar orðalagsbreytingar á stefnu KÍ í vinnuumhverfismálum á þinginu sem voru samþykktar. Fjórar ályktanir voru einnig samþykktar sem nefndin mun vinna að á nýju kjörtímabili:

- Tillaga um úttektir á vinnuaðstæðum - að útbúa kannanir/gátlista fyrir félagsmenn til að skoða vinnuaðstæður með það að markmiði að geta gert úrbætur á þeim.
- Tillaga vinnuumhverfisnefndar um gerð fræðslumyndbanda fyrir félagsmenn.
- Tillaga vinnuumhverfisnefndar um gerð könnunar á einelti, kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustað meðal félagsmanna.
- Tillaga um að meta hæfilegan fjölda nemanda í námshópum á hverju skólastigi/skólagerð fyrir sig.

## Erindisbréf og starfsáætlun

Á fyrsta fundi nefndarinnar á nýju kjörtímabili tók nefndin við erindisbréfi sínu og rætt var um fyrirbyggjandi verkefni. Nefndin ákvað að stofna hóp á *Facebook* til að eiga samskipti milli funda og gera sér starfsáætlun. Þá skipti nefndin með sér verkum. Meðal verkefna á starfsáætlun, auk þeirra tillagna sem koma frá þingi, er að skipuleggja og standa fyrir árlegum þemadegi um vinnuumhverfismál félagsmanna og eiga samstarf við siðaráð, jafnréttisnefnd, skólamálaráð, fræðslunefnd KÍ og stjórnir og skólamálanefndir aðildarfélaganna KÍ. Starfsáætlun verður endurskoðuð árlega að hausti.

## Jafnréttisnefnd

### Fulltrúar í Jafnréttisnefnd:

Guðrún Jóhannsdóttir*	Formaður	Fulltrúi FS, FSL og SÍ
Sjöfn Kristjánsdóttir*	Ritari	Félag leikskólakennara
Hanna Björg Vilhjálmsdóttir		Félag framhaldsskólakennara
Kolbrún Guðmundsdóttir*		Félag grunnskólakennara
Ingunn Ósk Sturludóttir*		Félag tónlistarskólakennara

\* Ný í stjórn

Miklar breytingar urðu á nefndinni í kjölfar sjötta þings KÍ. Hanna Björg Vilhjálmsdóttir lét af formennsku en situr þó enn í nefndinni sem fulltrúi FF. Aðrir fulltrúar sem átt höfðu sæti í nefndinni hættu. Þeir eru Egill Óskarsson (FL), Ásta María Björnsdóttir (FSL), Ragnheiður Bjarnadóttir (FS) og Baldur Þorsteinsson (FG).

Haldnir voru fjórir fundir á árinu 2014. Nefndin vinnur út frá jafnréttisstefnu KÍ og þeim tillögum er varða málaflokkinn sem koma fram á þingum KÍ. Hafdís D. Guðmundsdóttir, sérfræðingur í vinnuumhverfis- og jafnréttismálum, er starfsmaður nefndarinnar.

### Kynjajafnrétti og útvíkkun jafnréttishugtaksins

Svandís Anna Sigurðardóttir, jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands, kom á fund nefndarinnar í febrúar og ræddi um útvíkkun jafnréttishugtaksins. Svandís Anna fór yfir hugtök og hugmyndafræði jafnréttisumræðunnar hvað varðar jafnrétti margbreytileikans, lagalega stöðu, kosti og galla, samþættingu og þróun jafnréttisumræðunnar hér á landi undanfarnin misseri.

### Alþjóðlegur baráttudagur kvenna 8. mars

Jafnréttisnefnd hefur árlega tilnefnt fulltrúa/tengilið fyrir hönd KÍ í undirbúningshópa stéttarféлага og hagsmunaaðila vegna alþjóðlegs baráttudags kvenna 8. mars. Alla jafna er um tvo fundi að ræða, annars vegar opinn fund í Reykjavík í samstarfi við Menningar- og friðarsamtökin MFÍK o.fl. og hins vegar hádegisverðarfund í Reykjavík í samstarfi við BHM, BSRB, ASÍ, SSF, Jafnréttisráð og Jafnréttisstofu. Árið 2014 var þó ekki haldinn hádegisverðarfundur.

### Önnur heimsráðstefna kvenna á vegum Education International

Yfirskrift ráðstefnunnar var „Women in Trade Unions and in Education: from Words to Action“ og á hana mættu tæplega 400 manns frá um 90 löndum. Starfsmaður jafnréttisnefndar, Hafdís D. Guðmundsdóttir, sótti ráðstefnuna en fulltrúi stjórnar KÍ forfallaðist. Á dagskrá voru erindi, pallborðsumræður og vinnustofur/umræðuhópar um stöðu kvenna í kennslu, hvað varðar menntun almennt og þátttöku og stjórnun stéttarféлага. Markmið ráðstefnunnar var að skapa tækifæri til að ræða hvernig stéttarfélög hafa og geta aukið jafnrétti innan eigin vébanda og almennt í menntakerfinu.

### Aðgerðarhópur um launajafnrétti

KÍ á fulltrúa í aðgerðarhópi um launajafnrétti sem var skipaður í desember 2012. Verkefni hópsins eru m.a. að vinna að samræmingu rannsókna á kynbundnum launamun, annast gerð áætlunar um kynningu jafnlaunastaðals, upplýsingamiðlun og ráðgjöf um launajafnrétti kynjanna til stofnana og fyrirtækja. Á árinu 2014 var haldin norræn ráðstefna um launajafnrétti og tvær rannsóknir settar af stað. Annars vegar er um að ræða rannsókn á kynbundnum launamun karla og kvenna á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við Hagstofuna og hins vegar rannsókn á stöðu karla og kvenna á vinnumarkaði í samstarfi við EDDU Öndvegissetur við Háskóla Íslands. Fyrirhugað er að kynna niðurstöður þessara rannsókna á ráðstefnu í maí 2015. Starfstími aðgerðarhópsins er til ársloka 2015 og framundan er gerð framkvæmdaráætlunar um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs og um leiðir til að brjóta upp kynbundið náms- og starfsval.

## Þing KÍ apríl 2014

Jafnréttisstefna KÍ fór óbreytt frá nefndinni fyrir þingið. Tvær samþykktir komu frá þinginu sem nefndin mun vinna að á nýju kjörtímabili:

- Samþykkt um úttekt á launamun kynjanna meðal félagsfólks KÍ.
- Samþykkt um að jafnréttisnefnd KÍ hvetji til að grunnþátturinn jafnrétti verði raungerður í íslensku menntakerfi og að kennaranemum og starfandi kennurum verði sköpuð tækifæri til menntunar um hann.

## Erindisbréf og starfsáætlun

Á fyrsta fundi nefndarinnar á nýju kjörtímabili tók nefndin við erindisbréfi sínu og rætt var um fyrirbyggjandi verkefni. Nefndin ákvað að stofna hóp á *Facebook* til að eiga samskipti milli funda og að gera starfsáætlun. Þá skipti nefndin með sér verkum. Meðal verkefna á starfsáætlun, auk þeirra tillagna sem koma frá þingi, eru áskorun til skólastjórnenda um að jafnréttisfræðsla fari fram á öllum skólastigum og að KÍ geri árlega kynjabókhalð. Nefndin mun taka þátt í undirbúningi alþjóðlegs baráttudags kvenna þann 8. mars fyrir hönd KÍ og eiga samstarf við siðaráð, jafnréttisnefnd, skólamálaráð, fræðslunefnd KÍ og stjórnir og skólamálanefndir aðildarféлага KÍ. Starfsáætlun verður endurskoðuð reglulega.

## Siðaráð

Fulltrúar í Siðaráði:

Ægir Karl Ægisson	Formaður	Fulltrúi FS, FSL og SÍ
Mjöll Matthíasdóttir	Ritari	Félag grunnskólakennara
Ása Lind Finnbogadóttir*		Félag framhaldsskólakennara
Sólbjört Sigríður Gestsdóttir*		Félag leikskólakennara
Ólafur E. Rúnarsson*		Félag tónlistarskólakennara

\* Ný í stjórn

Nokkrar breytingar urðu á Siðaráði í kjölfar sjötta þings KÍ þegar Anna Metta Norðdahl (FL), Ágúst Ágústsson og Sigrún Þórsteinsdóttir (FSL) viku úr stjórn.

Haldnir voru þrjár fundir á árinu 2014. Nefndin vann út frá Siðareglu kennara og tillögum er varða málaflokkinn sem koma fram á þingum KÍ. Hafdís D. Guðmundsdóttir, sérfræðingur í vinnuumhverfis- og jafnréttismálum, er starfsmaður nefndarinnar.

### Fræðslupakki Siðaráðs

Í október 2013 sendi Siðaráð glærुकynningu um siðareglur kennara til trúnaðarmanna KÍ, formanna kennarafélaga FF, formanna svæðafélaga/-deilda hjá FG, FL og FT, félagsmanna SÍ, FS og FSL og forsvarsfólks kennaranáms í HÍ, HA og LHÍ. Verkefninu var síðan fylgt eftir með tölvupósti, en fjölmörg svör bárust frá þeim sem fengu fræðslupakkann sendan. Efnið var notað víða, eða stóð til að nota það. Áfram var unnið að því að vekja athygli á efninu til notkunar fyrir kennara og stjórnendur.

### Þing KÍ apríl 2014

Siðaráð gerði ekki breytingar á Siðareglum kennara fyrir þingið. Frá þinginu kom samþykkt um áherslur í starfi Siðaráðs KÍ 2014 - 2018:

- Áfram verði unnið að kynningu og umræðum meðal félagsmanna KÍ um siðareglur kennara. Þar gegna skólastjórnendur lykilhlutverki.
- Unnið verði að því að umfjöllun um siðareglur kennara verði hluti af grunnmenntun kennara.
- Komið verði á samræðum um siðareglur við foreldra, nemendur og aðra eftir því sem við á.
- Starfið verði tengt enn betur við aðrar stofnanir KÍ, svo sem vinnuumhverfisnefnd, jafnréttisnefnd og stjórnir og skólamálanefndir aðildarfélaga KÍ.
- Unnið verði að gerð fræðslumyndbanda um viðfangsefni tengd siðareglum kennara.
- Leitað verði leiða til að styrkja siðferðislegt samfélag, sjálfræði og siðferðisprek félagsmanna þannig að starfsandi viðhaldist og sköpunargleði blómstri.

### Erindisbréf og starfsáætlun

Á fyrsta fundi ráðsins á nýju kjörtímabili tók það við erindisbréfi sínu og rætt var um fyrirliggjandi verkefni. Ráðið ákvað að stofna hóp á *Facebook* til að eiga samskipti milli funda. Fulltrúar skiptu með sér verkum og unnin var starfsáætlun, m.a. út frá ofangreindri þingsamþykkt. Meðal verkefna verða greinaskrif, að kynna siðareglur kennara fyrir kennaranemum, að vekja athygli á siðareglum meðal foreldrafélaga leik-, grunn- og framhaldsskóla og nemenda í framhaldsskólum, að ræða netnotkun og siðareglur og samstarf við vinnuumhverfisnefnd, jafnréttisnefnd, skólamálaráð, fræðslunefnd KÍ og stjórnir og skólamálanefndir aðildarfélaga KÍ.

## Útgáfuráð

### Fulltrúar í Útgáfuráði

Aðalbjörn Sigurðsson	Formaður	Kennarasamband Íslands
Arndís Þorgeirsdóttir	Ritari	Kennarasamband Íslands
Helga Helena Sturlaugsdóttir		Félag framhaldsskólakennara
Hulda María Magnúsdóttir		Félag grunnskólakennara
Halla Hjördís Eyjólfsdóttir		Félag leikskólakennara
Steinunn Inga Óttarsdóttir		Félag stjórnenda í framhaldsskólum
Vigdís Guðmundsdóttir		Félag stjórnenda leikskóla
Margrét Einarsdóttir		Skólastjórafélag Íslands
Jón Kristinn Cortez		Félag tónlistarskólakennara
Ragnhildur S. Björnsdóttir		Kennarasamband Íslands
Þórður Árni Hjaltested		Kennarasamband Íslands
Aðalheiður Steingrimsdóttir		Kennarasamband Íslands

### Til vara:

Benedikt Barðason	Félag stjórnenda í framhaldsskólum
Sigrún Hulda Jónsdóttir	Félag stjórnenda leikskóla
Ingileif Ástvaldsdóttir	Skólastjórafélag Íslands

## Um útgáfuráð:

Útgáfuráð er ný nefnd innan KÍ sem varð til með samþykkt sjötta þings KÍ um útgáfumál. Því er ætlað að hafa stefnumótandi og ráðgefandi hlutverk í útgáfumálum, sem og að finna fjölbreyttar leiðir til að kynna störf kennara út á við. Útgáfuráð hélt einn fund árið 2014 þar sem farið var yfir helstu verkefni útgáfusviðs KÍ og erindisbréf kynnt. Eiginlegt starf ráðsins mun hefjast í byrjun árs 2015.

## Heimasíða

Ný heimasíða Kennarasambandsins var tekin í notkun 10. mars 2014 og en hún leysti af hólmi eldri síðu sem orðin var mjög tæknilega úrelt. Mikil vinna var lögð í nýju síðuna sem unnin var í samstarfi við fyrirtækið AP Media. Þar er lögð áhersla á að hafa upplýsingar um sjóði og kjaramál sem aðgengilegastar, en minni áhersla er lögð á fréttir og tilkynningar. Strax í sumar kom í ljós að framsetning upplýsinga á forsíðu vefsins var ekki nægilega góð og því var forsíðan endurnýjuð með haustinu. Öll heimasíðan er í stöðugri endurskoðun með það að markmiði að hún standist þær kröfur sem nútíma netnotendur gera og að hún birtist rétt á öllum þeim tækjum sem notendur nýta til að skoða hana. Mikil vinna fór í að færa efni af gömlu síðunni yfir á þá nýju og var stór hluti þess skrifaður upp á nýtt. Í það verk var ráðin tímabundið Ólöf Jóna Tryggvadóttir sem vann að því við hlið starfsmanna útgáfusviðs.

Nýja síðan er tengd við Google Analytics sem telur og skráir allar heimsóknir á síðuna. Sú talning sýnir að frá 10. mars til 31. desember 2014 voru eftirtalin svæði á vefnum oftast heimsótt:

Kennarasamband Íslands (forsíðan)	467.258
Kynning á kjarasamningi FG	60.570
Kjarasamningar	60.122
Innskrá*	35.533
Orlofsvefur	35.275
Kjarasamningur Félags grunnskólakennara	28.289
Styrkir	25.513
Kynning á kjarasamningi FL	23.433
FG	16.071
Þing KÍ	15.464
* (skráningarsíða inn á læsta kynningarsíðu v. kjarasamninga aðildarfélaga)	

Gögn úr Google Analytics staðfesta að notkun síðunnar er í samræmi við hönnun hennar en félagsmenn heimsækja síðuna til að leita sér upplýsinga um kjaramál, orlofskosti og þá styrki sem eru í boði. Flestir sem skoða og lesa fréttir, tilkynningar og greinar á síðunni gera það í gegnum samfélagsmiðla, aðallega Facebook.

## Skólavarðan

Síðustu ár hefur Skólavarðan aðeins komið út tvisvar sinnum á ári og liggur ástæðan meðal annars í miklum kostnaði við prentun og dreifingu. Hugmyndir um fjölgun tölublaða og stækkun upplags strönduðu því á peningahliðinni auk þess sem rannsóknir sýna að lestur tímarita minnkar stöðugt. Útgáfusvið fór því í vinnu við að skoða möguleika á öðru útgáfuformi og í vor var gerður samstarfssamningur við fjölmiðlafyrirtækið Kjarnann um hönnun og útgáfu rafrænnar Skólavörðu. Smíðað var App sem nú er aðgengilegt í Apple Store og Google Play sem gefur félagsmönnum kost á að lesa blaðið í öllum helstu snjalltækjum. Enn fremur er blaðið nú aðgengilegt á heimasíðu KÍ í PDF formi og ISSUU. Fyrsta rafræna Skólavarðan kom út í september og er gert ráð fyrir að tímaritið komi út a.m.k. sjö sinnum á hverju skólaári í framtíðinni. Til að tryggja sem mestan lestur er öllum stærri greinum í blaðinu deilt á samfélagsmiðlum og þær settar inn á heimasíðu Kennarasambandsins. Þessi rafræna útgáfa er rétt að slíta barnaskónum og mikil vinna er framundan við að þróa og bæta hana.

## Eplið og önnur rafræn fréttabréf

Síðustu ár hefur verið mikil þróun í útsendingu rafrænna fréttabréfa til félagsmanna. Öll aðildarfélög KÍ gefa út rafræn fréttabréf og koma starfsmenn útgáfusviðs mismikið að hverju þeirra fyrir sig. Reglulegri útgáfu bláa Eplisins, sem er rafrænt fréttabréf KÍ, var hætt eftir að Skólavarðan var gerð rafræn og tölublöðum fjölgað. Efni sem áður birtist í fréttabréfinu er nú fundið pláss í Skólavörðunni. Eftir sem áður var bláa Eplið notað þegar senda þurfti út tilkynningar og ábendingar til félagsmanna með litlum fyrirvara.

## Handbók kennara

Handbók kennara var venju samkvæmt gefin út um mitt sumar og dreift til félagsmanna KÍ í gegnum leik-, grunn-, framhalds- og tónlistarskóla landsins. Í þjónustukönnun sem gerð var í desember var staðfest að bókin er bæði vinsæl og mikið notuð. Niðurstaða könnunar var eftirfarandi:

Ég nota handbókina...	
oft	42%
stundum	18%
sjaldan	16%
Aldrei	24%

Í ljósi mikillar ánægju með handbókina er gert ráð fyrir að útgáfu hennar verði haldið áfram næstu ár.

## Önnur verkefni

Auk þess að bera ábyrgð á þeirri útgáfu sem þegar hefur verið talin upp tóku starfsmenn Útgáfusviðs þátt í margvíslegum öðrum verkefnum á árinu. Arndís Þorgeirsdóttir ritstýrði Ferðablaði Orlofssjóðs sem kom út í apríl í talsvert breyttri mynd frá því sem áður hafði verið. Þrátt fyrir að mjög hafi verið dregið úr útgáfu bæklinga kom útgáfusvið engu að síður að útgáfu nokkurra slíkra. Kennarasambandið og öll aðildarfélög þess hafa komið sér upp síðum á Facebook og fór mikill tími starfsmanna útgáfusviðs í að halda síðunum við, tryggja upplýsingaflæði og þróa ásýnd félaganna. Einnig sáu starfsmenn um að koma viðburðum og málefnum Kennarasambandsins, sem og aðildarfélaganna, á framfæri í fjölmiðlum og vekja á þeim athygli. Mikill tími fór í verkefni tengd endurnýjun kjarasamninga aðildarfélaganna KÍ og þar má sérstaklega nefna þau verkefni sem tengdust verkföllum Félags framhaldsskólakennara, Félags stjórnenda í framhaldsskólum, Félags tónlistarskólakennara og Félags grunnskólakennara.